# Bréfabók borgarstjóra. 3. sept. - 15. júní. 1909-1910

## Aðfnr. 230, 6. hluti

Bréf 20. apríl 1910 – 15. júní 1910

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. april 1910

285

Þeir Fyrverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson og kaupmaður Ásgeir Sigurðsson hafa selt lagaskólastjóra Larusi H. Bjarnason 1200 ferálnir úr erfðafestulandi þeirra Melkotstúni fyrir kr. 1,255 hverja feralin. Af kaupverðinu hafa þeir greitt í bæjarsjóðinn 20 % eða 300 kr. er yður, herra gjaldkeri, sendast hjer með og óska jeg kvittunar fyrir.-

Upphæðin færist til tekna undir tekjulið 14.

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. april 1910



Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. apríl 1910.

736

Til svars heiðruðu brjefi yðar, dags. 16. þ.m. leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að Nikolína Nikulásdóttir, sú er ræðir um í brjefi yðar stendur hjer á manntali, og hefur verið gjörð að greiða 6 kr. útsvar þ. á. hjer í bænum.—

Til
oddvita Keflavíkurhrepps.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. apríl 1910. –

737.

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 100 eitt hundrað krónur, uppí andvirði lóðar, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur selt Helga Jónssyni steinsmið, Hverfisg. 4e, að stærð 1650 feráln., fyrir 50 aura hverja feralin. Kaupverðið allt er 825 kr. og hefur kaupandi gefið út veðbrjef fyrir þeim 725 kr. er eptir standa, með 1. veðrjetti í hinni seldu lóð.

Kvittun óskast. –

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með hæstvirtu brjefi dags. 12 þ.m. hefur stjórnarráðið sent fátækranefnd Reykjavíkur brjef dómsmálastjórnarráðsins danska 23. f.m. með 14 fylgiskjölum viðvíkjandi Kristjönu Jóhannesdóttur, sem er viðurkennd að vera sveitlæg hjer í bænum, og hefur stjórnarráðið óskað yfirlýsingar fátækranefndarinnar um hvort stúlka þessi skuli send hingað heim ásamt börnum hennar. -

Til svars brjefi þessu er stjórnarráðinu hjer með tjáð, að fátækranefnd Reykjavíkur vill fela fátækrastjórn Kaupmannahafnar, að gjöra þær ráðstafanir er við þykir eiga viðvíkjandi Kristjönu og börnum hennar og mun kostnaðurinn sá, er af því leiðir verða endurgoldinn. Fátækranefndin gengur út frá, að bæði börnin verði tekin frá móðurinni og er nefndin við því búin að taka við eldra barninu og sjá um uppeldi þess hjer, ef fátækrastjórninni í Kaupmannahöfn þykir það betur við eiga að senda það hingað heim. Yngra barnið getur að sjálfsögðu ekki að svo komnu orðið flutt hingað og fátækranefndin óskar, að Kristjana verði heldur ekki flutt hingað. -

Fátækranefndinni er ókunnugt um hve mikið uppeldi barna í barnahælinu kostar og óskar að fá vitneskju um það. En sem sagt vill fátækranefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fá, ákvað stjórn Kaupmannahafnar að
gjöra fyrir sína hönd þar ráðstafanir
viðvíkjandi Kristjönu Jóhannesdóttur
og börnum hennar, sem við þykir eiga,
[illegible] sendi [illegible].

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

The Mayor's Office.
Reykjavik, Iceland.
22. April. 1910.

Messrs. J. A. Lumley & Dowell.
London.

Dear Sirs,

I am in receipt of your esteemed letter of the 12th inst. and in reply to same I beg to refer to my letter addressed to you on the 15th inst. in which I told you that the Town Council had, - although reluctantly, - closed with your offer of £350.- as rent for the Ellidaá River for the next fishing season only.

In your letter you give inconvenient sailings of the steamers from Leith as one of the reasons preventing a higher offer than might have been expected for the Ellidaá River this year, there being no good steamer between the 25th May leaving Leith, and the 23rd June, the consequence being that the Gentleman renting the River will lose nearly a month of the fishing season; but I beg leave to point out to you that this is not correct. - On the 3rd June the "Sterling" which is one of the fastest and most comfortable passenger steamers running regularly between Copenhagen, Leith and Reykjavik, leaves

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

June; and should Mr. Booth wish to arrive in the S/s "Botnia" he will arrive here at the very beginning of the fishing season. The scheduled time of sailing of the mail steamers is therefore most convenient in this respect.

In our opinion it would be desirable that the occupier of the River would stay here the greatest part of the fishing season, as the good name or reputation of the River might undeservedly be brought into miscredit by the River not being properly fished. Should Mr. Booth not be able to arrive here until the end of June, I should like to know whether the contract entered into by him prevents our renting fishing by means of rod to others until his arrival up here.

I should feel obliged by your forwarding me the contract as soon as possible.

Yours faithfully,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. april 1910



Með hæztvirtu brjefi dags. i gær hefur stjórnarráðið sent mjer til umsagnar brjef hreppsnefndarinnar i Innri-Akraneshreppi dags. 9. þ.m., viðvikjandi sjúkrahúskostnaðu stúlkunnar Guðrúnar Árnadóttur frá Klafastöðum, og er sjerstaklega óskað upplýsinga um hvernig dvöl hennar hjer i bænum hafi verið varið áður en hún var lögð á spitalann, hvort bæjarsjóður hafi tekið þátt i kostnaðinum og hver ábyrgzt hafi greiðslu hans gagnvart spitalanum.-

Til svars þessu leyfi jeg mjer virðingarfyllst að skýra frá þvi, að i byrjun april f.á. kom nefnd Guðrún Árnadóttir hingað til bæjarins, til þess að leita sjer lækninga eða til að láta læknir rannsaka sig, og fór hún þá ferð að sögn eptir tilhlutun hreppsnefndar Innri- Akraneshrepps, en hafði að eins 10 kr. meðferðis. Þegar hingað kemur telur læknirinn veiki þá, er að henni gangi vera berklaveiki i lungum og krefst þess, að hún verði þegar lögð á sjúkrahúsið. Þar sem stúlkan var peningalaus eða þvi sem næst varð fátækrasjóður hjer að taka ábyrgð á legukostnaðinum til bráðabyrgða, en fullt endurgjald var þegar áskilið, eins og sjá má af brjefi minu til hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps dags. 7. april f.á., er jeg sendi hjer með eptirrit af. Samkvæmt þessari ábyrgð hefur fátækrasjóður Reykjaikur lagt út sjúkrakostnað Guðrúnar en framfærslusveit hennar hefur endurgoldið kostnaðinn að fullu fyrir 2 fyrstu ársfjórðungana, og lofað að endurgjalda bráðlega legukostnaðinn fyrir hina tvo siðastliðnu ársfjórðunga, en Guðrún hefur nú samkvæmt læknisskipun legið eitt ár á sjúkrahúsinu og er nýlega farin þaðan.-

Brjef hreppsnefndar Innri- Akraneshrepps endursendist, með fylgiskjölum.

Til Stjórnarr[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur.
23. apríl 1910.

441.

Með heiðruðu brjefi dags. 14. þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 47 – fjörutíu og sjö krónur 67 a. til endurgjalds legukostnaðs Kristínar Grímsdóttur á Landakotsspítala. Jafnframt því að kvitta fyrir nefndri upphæð, sendi jeg yður hjer með reikning yfir legukostnað sömu stúlku frá 1/2. – 1/4 að upphæð kr. 88.50 og leyfi mjer að fara fram á að yður vildi þóknast að innheimta 2/3 hl. upphæðarinnar og senda mjer við fyrsta tækifæri. –

Til
sýslumannsins í Mýra- og Borgafjarðars.
Arnarholti. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
23. apríl 1910.

742

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 44.67 – fjörutíu og fjórar krónur sextíu og sjö aura til endurgjalds á 2/3 hlutum af legukostnaði Kristínar Grímsdóttur, er áunnist var þ. 31. des. síðastl. og 22. febr. þ. á. – =44.67

Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. apríl 1910.

743

Með heiðruðu brjefi dags. 6. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 60 - sextíu krónur til endurgjalds meðlagi með barni Vagns Hjelurtssonar á Ísafirði og Halldóru Ólafsdóttur á Njálsgötu 56 hjer í bænum frá 13/12 '08 til jafnlengdar 1909. -

Fyrir þessum 60 kr. kvittast hjermeð.

Til

Sýslumannsins í Þingeyjarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. apríl 1910.

744

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 60 - sextíu krónur til endurgjalds barnsmeðlagi, er þ 14. des. f. á. var ávísað til bráðabyrgða með óskilgetnum syni Vagns Pjetursonar og Halldóru Ólafsdóttur á Njálsg. 56, Ólafi að nafni fyrir árið frá 13/12 1908 til jafnlengdar 1909. –
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. apríl 1910

745

Frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefi jeg meðtekið reikning að upphæð 28 kr. fyrir flutning þurfamannsins Einars Fjeldsted Ásmundssonar áleiðis á sveit sína í Strandasýslu.

Upphæð þessa bið jeg yður, herra gjaldkeri, að greiða sýslumanni Mýra og Borgarfjarðarsýslu við fyrsta tækifæri, og færist upphæðin undir gjaldalið 18d

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1910

746

Fyrir nokkru veiktist hjer stúlka að nafni Helga Jónsdóttir og var hún samkvæmt skipun læknis lögð á sjúkrahúsið og liggur þar enn. Það hefur nú loks vegna veikinda hennar verið hægt að fá tekna æfiferilskýrslu hennar og sendi jeg hana hjer með. Samkvæmt henni er Helga sveitlæg í Mela- og Leirárhreppi, og óska jeg að fá sem fyrst viðurkenningu hinnar heiðruðu hreppsnefndar fyrir sveitfestinni.-

Þess skal getið, að nefnd Helga Jónsdóttir á barn sem fátækranefndin hefur orðið að koma fyrir og verður að greiða með 10 kr. á mánuði.-

Til hreppsnefndarinnar i Leirársveit.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. april 1910.

747

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 15 kr. i hafnarsjóð Reykjavikur, sem er leiga fyrir hafnarbátinn yfirstandandi ár.-- Fyrir greiðslunni óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910.

748

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kvittun frá verkfræðing Holger A. Hansen fyrir kr. 1166.67 er voru eptirstöðvar af launum hans við lagningu vatnsveitunnar.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910.

749

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, ávísun á Íslands-banka að upphæð 6 - sex krónur sex-tíu og sjö aurar til endurgjalds frá Natmölunarfjel. á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Guðm. Björnssyni, Laugaveg 77, var veittur af fátækrasjóði þ. 26. jan. þ. á.

Virðingarfyllst.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. apríl 1910.

750

Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra sýslumaður, þar sem þjer sendið mjer ávísun að upphæð kr. 6.67 til endurgjalds á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Guðm. Björnsson var veittur þ. 26. jan., leyfi jeg mjer að senda reikning yfir styrk þann, er Guðmundur hefur orðið að þiggja síðan, að upphæð 25 kr., með beiðni um að þjer viljið innheimta 2/3 hl. upphæðarinnar hjá Vatnsleysustr.-hreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Til
sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. april 1910.

Með brjefi dags. 28. febr. þ.á. sendi jeg yður, herra sýslumaður, reikning yfir kostnað við flutning þurfamannsins Einars Fjeldsted Ásmundssonar áleiðis til framfærsluhrepps hans Broddaneshrepps i Strandasýslu, en Einar þessi hafði verið sendur hingað til landsins frá Canada. Reikningur þessi var að upphæð kr. 96,40. En siðan hef jeg enn borgað út fyrir flutninginn 28 kr., samkvæmt meðfylgjandi reikningi, er jeg hef meðtekið frá sýslumanninum i Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hefur því kostnaðurinn við flutning þurfamanns þessa og vera hans hjer á leiðinni orðið alls kr. 124,40, og bið jeg yður með skirskotum til brjefs mins 28. febr. þ.a. að innheimta 2/3 hluta af upphæð þessari hjá framfærsluhreppnum.-

Til Sýslumannsins i Strandasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjora Reykjavikur

25. april 1910

752

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með sjö skjöl viðvikjandi sveitfesti Sæmundar nokkurs Þórðarsonar, Hverfisgötu 50, og þar sem skjöl þessi virðast bera það með sjer, að Sæmundur sje sveitlægur i Stokkseyrarhreppi bið jeg yður að útvega hið fyrsta viðurkenningu þeirrar sveitar fyrir sveitfestinni. Jeg get þess, að i fyrri skýrslu þeirri, er Sæmundur gaf um æfiferil sinn tilgreindi hann rangt um veru sina á Stokkseyri, og var það orsökin til þess, að hann hann var álitinn eiga sveit i Landmannahreppi, og því var viðurkenningar fyrir sveitfestinni leitað þangað. Er það orsökin til þess að skjöl þessi eru fyrst nú send yður. - Jeg get þess, að i krikjubókum Stokkseyrarprestakalls mun mega fá fulla vissu fyrir því, hvort seinni skýrsla Sæmundar um dvöl sina á Stokkseyri er rjett, en á því veltur hvort hann telzt þar sveitlægur eða i Landmannahreppi.-

Sæmundur hefur til þessa þegið hjer 95 kr., eins og reikningur sá sýnir, er jeg sendi hjer með. Og ef hann verður viðurkenndur sveitlægur i Stokkseyrarhreppi bið jeg yður að innheimta hjá þeim hreppi 2/3 hluta þeirrar upphæðar.-

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910.

753

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 33 - þrjátíu og þrjár krónur 33 aura til endurgjalds frá Skeiðahreppi á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Þorkeli [illegible] Björnssyni, Laugav. 72 var veittur af fátækrasjóði þ. 13. des. síðastl.

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við tækifæri.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910.

754.

Með heiðruðu brjefi dags. 7. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd Skeiðahrepps sent mjer kr. 33.33 til endurgjalds á 2/3 hlutum af styrk veittum Þorsteini Ásbjörnssyni þ. 13. des. síðastl.

Jafnframt því að kvitta fyrir greiðslu þessari, leyfi jeg mjer að senda reikning, að upphæð 170 krónur, yfir styrk þann er Þorsteinn hefur orðið að þiggja af fátækrasjóði, og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta upphæðarinnar hjá Skeiðahreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Til

sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910 455.

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með, 16 – sextán krónur 97 aura, frá Rangárvallahreppi til endurgjalds á 2/3 hlutum af sveitarstyrk er þ. 17. og 21. des. f. á. var veittur Kristjáni Þorleifssyni, Klapparstíg 7, hjer í bænum. –
Kvittun óskast. –

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910.

756

Með brjefi dags. 15. þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 16.97 – sextán krónur níutíu og sjö aura til endurgjalds á styrk er Kristján Þorleifssyni var veittur þ. 17. og 21. des. f.á. –

Fyrir greiðslu þessari kvittast hjermeð.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910.

757.

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 13 - þrettán krónur 33 aura til endurgjalds frá Rangárvallahreppi á 2/3 hlutum af styrk, er Ingibjörgu Vigfúsdóttur á Klapparstíg 12 var veittur af fátækrasjóði þ. 28. jan. þ. á.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24 apríl 1910.

758.

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 13 þrettán krónur 34 fjörutíu og fjóra aura til endurgjalds frá Austur-Landeyjahreppi að 2/3 hlutum, af sveitarstyrk, er Guðmundi Brandssyni, Suðurg. 10 var veittur 15 jan. þ.á. að upphæð 20 kr.

Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21 apríl 1910.

459.

Með heiðruðu brjefi dags. 15 þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd [illegible] landsgjaldkerans sent mjer kr. 13.34 til endurgjalds á 2/3 hlutum af sveitarstyrk Guðm. Brandssonar [illegible] 10., og kvittast fyrir greiðslu þessari hjermeð.

Til

sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

833

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. apríl 1910.

760.

Jafnframt því að kvitta fyrir
13 þrettán krónum 33 a. er fylgdu
heiðruðu brjefi yðar, herra sýslu-
maður, uppí styrk Ingibjargar
Vigfúsdóttur, leyfi jeg mjer að fara
fram á, að yður vildi þóknast að
innheimta hjá Rangárvallahreppi
2/3 hluta af upphæð þeirri, er með
fylgjandi reikningur ræðir um
og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

26. april 1910

761

Fátækrasjóður Reykjavíkur hefur ráðið að greiða til bráðabyrgða fyrir Svein Guðm. Gíslason, hver [illegible] barnsfúlgu, 30 kr., er honum samkvæmt amtsúrskurði 17. [illegible] bar að greiða Guðríði Gunnarsdóttur hjer í bænum, með óskilgetinni dóttur beirra Sigríði Arinbjörgu fyrir misserið frá 20. [illegible] 1909 til 20. jan. 1910.- Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, [illegible] með amtsúrskurð þennan og bið yður að innheimta fúlgu þessa með lögtaki hjá nefndum Sveini Guðmundi Gíslasyni.-

Úrskurðurinn óskast endursendur.-

Til Bæjarfógeta Reykj[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1910

762

Með brjefi dags. 11. mai f.á. sendi jeg yður, herra sýslumaður, amtsúrskurð dags. 13. ágúst 1902, er skyldar Magnús P. Joensen til að greiða 40 kr. árlega með óskilgetnu barni hans og Kristinar Einarsdóttur. Með því að úrskurður þessi var mjer ekki endursendur með brjefi yðar dags. 22.f.m. bið jeg yður að endursenda mjer hann hið fyrsta.-

Til Sýslumannsins í Suður- Múlasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

837

Reykjavik Borgmesterkontor

26. April 1910

763

Som det fremgaar af hoslagte dokumenter har Reykjavik fattigbestyrelse maattet forelöbig udrede et alimentationsbidrag forfaldet 11. Juni 1909, som Magnus Pjetur Joensen skulde betale til Kristin Einarsdatter, til deres uægte barns underhold, ifölge amtets resolution dat. 13. Aug. 1902. Resulotionen blev sendt til sysselmanden i Eskefjord med anmodning om at inkassere belöbet hos M.P. Joensen, der antoges at opholde sig der, eller eventuelt hos hans forsörgelseskommune, der mentes at være Nordfjordsrep.-

Af hoslagte dokumenter fremgaar imidlertid, at nævnte M.P. Joensen er bortrejst til Færöerne, antagelig til Trangisvaag, samt at han ikke ved sit ophold her i landet har erhvervet sig forsörgelsesret, hvorfor han maa antages at være forsörgelsesberettiget i sin födselskommune, Trangisvaag.-

Jeg tillader mig derför tjenstlig at anmode Trangisvaags kommunalbestyrelse om at sörge for, at bemeldte alimentationsbidrag bliver refunderet Reykjavik kommune.-

Jeg bemærker at amtets resulotion henligger hos sysselmanden i Eskifjord, men den vil blive eftersendt hvis dette önskes.-

Til Trangisvaags Kommunalbestyrelse.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

27. april 1910.



763

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brjef sýslumannsins i Árnessýslu dags. 29. f.m., með 6 fylgiskjölum, þar sem hann neitar að skylda hreppsnefnd Selvogshrepps til þess að endurgjalda Reykjavikurkaupstað fátækrastyrk, er lagður var stúlkunni Mariu Bjarnadóttur, þurfaling Selvogshrepps. Þessum úrskurði ætla jeg að áfrýja til stjórnarráðsins, en áður en það verður gjört þarf jeg að fá nánara upplýst um það atriði, sem drepið er á i æfiferilskýrslu Mariu, að hún nokkru áður en hún var flutt á geðveikrahælið hafi verið flutt á sveit sina Selvogshrepps, og hvernig á því hafi staðið, að hún kom hingað aptur. Jeg bið yður því að taka á ný fyrir rjetti próf yfir móður Mariu, og fá skýrslu hennar um hvort Maria hafi ekki verið framfærð af sveitarfje i Selvogshreppi þau tvö árin, sem getur um i æfiferilskýrslunni, hvort Maria hafi verið hingað flutt aptur að tilhlutun hreppsnefndar Selvogshrepps, og hvenær Maria hafi þá komið hingað, en það telzt mjer eptir æfiferilskýrsluninni muni hafa verið árið 1908 rjett áður en hún var flutt á geðveikrahælið, og ennfremur hvort hreppsnefnd Selvogshrepps hafi gefið með Mariu þann timann, sem hún dvaldi hjá móðurinni áður en hún var flutt á geðveikrahælið.-

Þessar upplýsingar þyrfti jeg að fá sem fyrst, eða i öllu falli nokkru áður en áfrýjunarfresturinn er útrunninn.-

Brjefið sýslumannsins i Árnessýslu ásamt fylgiskjölum óskast endursent.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

839

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

27. apríl 1910.

764

Hjer í bænum dvelur sem stendur einhleypur sjúklingur Valgerður Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 24, og hef jeg orðið að veita henni 20 kr. fátækrastyrk, aðallega til læknis og meðala. Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með æfiferilskýrslu þurfalings þessa og ber hún með sjer, að Valgerður er sveitlæg í hinum fyrra Njarðvíkurhreppi og væntanlega nú í Keflavíkurhreppi. Bið jeg yður að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndar þess hrepps fyrir því, að hún sje viðurkennd sveitlæg þar, og að innheimta hjá hreppnum 2/3 hluta af hinni veittu styrksupphæð.-

Til Sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

27. apríl 1910.

765

Jeg hef samkvæmt brjefi yðar, herra fatækrafull-trúi, veitt sjúklingnum Valgerði Jónsdóttur 20 kr. styrk. Mjer þykir vissara, að formlega aðsjónargjörð sje gjörð hjá henni og bið því yður og Ólaf Pjetursson að gjöra hana hið fyrsta og senda mjer hana ritaða á hjálagt eyðublað.-

Herra fátækrafulltrúi Guðmundur Þorkelsson, Pálshúsum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

841

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

27. april 1910

766

Það er í ráði að biðja yður,herra steinsmiður,að framkvæma aðgjörð á bæjarbryggjunni og bið jeg yður því að koma til viðtals við mig hið fyrsta því viðvikjandi.-

Herra steinsmiður Jón Hafliðason , Hverfisgötu 6.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28.april 1910

Um mörg undanfarin ár hefur frakkneski konsúllinn hjer i Reykjavik greitt 40 krónur i bæjarsjóðinn til endurgjalds fyrir það,að frakkneskir fiskimenn hafa fengið að nota laugarnar til þvotta jafnt bæjarmönnum og mun þannig lagaður samningur hafa fyrir mörgum árum verið gjörður milli bæjarstjórnarinnar annarsvegar og liklega frönsku sjóliðsstjórnarinnar eða frakkneska konsúlsins hinsvegar.-

Nú hefur bæjargjaldkerinn skýrt mjer frá því,að gjald þetta hafi ekki verið greitt fyrir árið 1909,og leyfi jeg mjer því að spyrjast fyrir um,hvort þjer,herra vicekonsúll, viljið greiða gjald þetta,eða hvort það sje tilætlunin að fá samningi þeim,er um þetta hefur gilt,breytt eða hann upphafinn.-

Virðingarfyllst

Til

Frakkneska vicekonsúlsins i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur. 843

29. april 1910.—

768.

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var lögð fram beiðni yðar, herra bókavörður, og Hannesar Thorarensen um að fá breytt erfðafestulandi ykkar fyrir [?] ofan Þingholtsstræti, Steinsholtsbletti [?], og samþykkti bæjarstjórnin að öllu landinu mætti nú þegar breyta í byggingarlóð með því skilyrði, að bærinn fái ókeypis land það, er þarf undir Grundarstíg og undir þvergötu milli Laufásvegs og Bergstaðastrætis og ennfremur að bæjarsjóðsgjaldið, 20%, greiðist af söluverðinu jafnóðum og selt er.—

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bókavörður, hjermeð, og skal það jafnframt tekið fram, að til þess að lóðargjaldið verði ákveðið þarf að mæla landið nákvæmlega og vænti jeg að þjer sjáið um að það verði gjört hið fyrsta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. apríl 1910.

709.

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var verzluninni leyft að setja hurð á vesturgafl vörugeymsluhúss þess, er liggur að pallinum við bæjarbryggjuna, með því skilyrði að hurðin verði látin ganga inn í húsið.
Þetta tilkynnist hjermeð.

Til
Thomsens Magasín.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. april 1910.

770.

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var lögð fram beiðni yðar um að byggja geymsluhús úr steinsteypu við Laugaveg 33, með eldvarnarvegg að lóðarmörkum. Þetta vill nefndin veita, en vill ekki veita undanþágu um að, þakið megi ná út fyrir eldvarnarvegginn.
Þetta tilkynnist hjermeð.

Til
Guðríðar Jónsdóttur, Laugav. 33

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. april 1910.

771

Bæjarstjórnin hefur í gær á fundi sínum leyft yður að byggja fjós og heyhlöðu á Rauðará að stærð 12 x 22 álnir með skúr 6½ x 5 álnir og yfirbyggt port 6 x 17½ al. samkv. því, er þjer hafið farið fram á í brjefi dags. 7. þ.m., að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
óðalsbóndi Vilhjálmur Bjarnarson,
Rauðará

846

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. apríl 1910. 472

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður að breyta húsi yðar við Hverfisgötu samkv. teikningu þeirri, er fylgdi beiðni yðar dags. 15. þ.m.

Þetta tilkynnist hjermeð.

Herra
trjesm. Tryggvi Árnason, Hverfisgötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

848

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. april 1910.

773

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður, herra kaupmaður, leyft að byggja íbúðarhús 25½ x 12 álnir + 6¼ x 12 álnir með skúr 3¾ x 3¾ al. og salerni 3¾ x 2¼ al. við Þingholtsstræti 23, á lóð húss þess er brann; en með því að í húsinu á að vera brauðbökun, þarf samþykki brunamálanefndar og heilbrigðisnefndar um fyrirkomulag þess.

Hinsvegar hefir bæjarstjórnin synjað beiðni yðar um að verða undanþeginn að greiða byggingarleyfisgjald það er ræðir um í brjefi yðar.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjermeð.

Herra
kaupm. Emil Jensen, Hverfisgötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. mai 1910.

774

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með kr. 304,50, sem er endurgjald frá Innri- Akraneshreppi á eptirstöðvum af legukostnaði Guðrúnar Árnadóttur frá Klafastöðum.-

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. mai 1910

775

Jeg leyfi mjer að senda hjer með umsókn Ingigerðar Þorvaldsdóttur, Laugaveg 65, um að henni verði veittur styrkur úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar handa sjer sjálfri og ennfremur til uppeldis barni hennar Elinu Jónsdóttur. Ennfremur sendi jeg útdratt úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar frá fundi hennar 29. f.m., innihaldandi meðmæli bæjarstjórnarinnar með því að nefndu barni Ingigerðar verði veittur uppeldisstyrkur.-

Til Stjórnarnefndar Stryktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jóns-sonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

6. mai 1910

776

Hjer með tilkynnist yður, herra snikkari, að bæjarstjórnin hefur skipað yður sem yfirmann við hlerana i slökkviliði bæjarins.-

Herra snikkari Sigurður Halldórsson.

Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. maí 1910 777

Hjer með tilkynnist yður, herra verzlunarstjóri, að bæjarstjórnin hefur skipað yður sem flokkstjóra við sprautu Nr. 4 í slökkviliði bæjarins.-

Herra

verzlunarstjóri L. H. Müller, Túngötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. mai 1910

778

Hjer með tilkynnist yður, herra vjelstjóri, að bæjarstjórnin hefur skipað yður sem flokkstjóra við sprautu Nr. 1 i slökkviliði bæjarins.-

Herra

vjelstjóri A. Bertelsen.-Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

854

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4.mai 1910 779

Hjer með tilkynnist yður, herra kennari, að bæjarstjórnin hefur skipað yður sem flokkstjóra við sprautu Nr. 1 i slökkviliði bæjarins.-

Herra

kennari Magnús Magnússon, Ingólfsstræti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4.mai 1910 780

Hjer með tilkynnist yður að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi sinum skipað yður sem brunakallara fyrir miðbæinn.-

Herra
Guðmundur Magnússon, Grjótagötu 14.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

781

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

29. april 1910

774

Með heiðruðu brjefi dags. 15. þ.m. hafið þjer, herra kaupmaður, sótt um leyfi til þess að mega byggja íbúðarhús á lóð yðar meðfram Bankastræti, samkvæmt uupdrætti, er beiðni yðar fylgði. Lefyið til byggingarinarinnar var veitt af byggingarnefnd og bæjarstjórn, en með því skilyrði, að húsið standi ekki lengra út í Bankastræti en hús yðar í Þingholtsstræti Nr.1. Ennfremur var það gjört að skilyrði, að gangur að minnsta kosti 3ja álna breiður skuli gjörður frá Ingólsstræti inn á óbyggðu lóðina, eins og líka var ætlast til á uppdrættinum.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra kaupmaður Jón Þórðarson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]stofu Borgarstjóra Reykjavikur

[illegible]. maí 1910

782

[illegible] með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur sam-[illegible]reiða yður 15 kr. fyrir sótaraverkfæri, er þjer [illegible]ðar látnum ljeðuð þeim, er þá tók við sýslaninni. [illegible]þessarar getið þjer vitjað á skrifstofu bæjar-[illegible]ns þegar yður þóknast.-

[illegible]kjunnar Bergljótar Guðmundsdóttur, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. mai 1910

483

~~778~~

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að greiða ekkju Jóns Sveinssonar sótara ,Bergljótu Guðmundsdóttur, 15 kr. fyrir verkfæri,er hún ljeði þeim,er tók við sótarasýslaninni að honum látnum.Þessa upphæð er hjer með lagt fyrir yður að greiða nefndri ekkju,er hún vitjar hennar,og ber að færa hana til útgjalda undir 15. útgjaldalið áætlunarinnar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

6. maí 1910

1784

Hjer með tilkynnist yður, herra slökkviliðsstjóri, að bæjarstjórnin hefur samkvæmt tillögu brunamálanefndarinnar skipað þessa menn sem yfirmenn í slökkviliðinu :

Sigurð Halldórsson snikkara yfirmann við hlerana,

Müller verzlunarstjóra flokkstjóra við sprautu nr. 4

Bertelsen vjelastjóra flokkstjóra við sprautu Nr. 1

Magnús Magnússon kennara flokkstjóra við sprautu Nr. 1,

Guðmund Magnússon, Grjótagötu 14, brunakallara fyrir miðbæinn.

Jeg hef tilkynnt öllum þessum mönnum útnefninguna, og vænti jeg að þjer að öðru leyti gefið þeim reglur fyrir starfsemi þeirra.-

Til slökkviliðsstjóra Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

6. mai 1910

785

~~784~~



Hjer með tilkynnist yður, háttvirta frú, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi veitt leyfi til þess, að Barnahælið megi á þessu sumri fá til ókóypis afnota húsnæði i tveimur stofum i barnaskólahúsinu og aðgang að eldhúsi eptir þörfum, sama tima og með sömu kjörum sem i fyrra.

Frú Ragnheiður Hafstein , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

6. mai 1910

~~785~~ 786

Á siðasta fundi bæjarstjórnarinnar var tekin fyrir beiðni fjelagsins "Fram" um að mega fá svæði á melunum til að iðka á fótboltaæfingar. Bæjarstjórnin heimilaði fyrir sitt leyti fjelaginu að mega nota til þessa svæðið austan við veginn á Melunum, sem fótboltaæfingar hingað til hafa farið fram á, en þó með þvi skilyrði að notkunin ekki komi i bága við afnot þau, er "Fótboltafjelagi Reykjavikur" hafa verið heimiluð, og verða þvi bæði fjelögin að koma sjer saman um notkun æfingasvæðisins.-

Þetta tilkynnist hjer með.-

Til formanns fótboltafjelagsins "Fram,

Herra Arrebo Clausen , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1910. —

787.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 10 - tíu krónur - frá Grímsneshreppi til endurgjalds á 2/3 af styrk, er Ragnheiði Ólafsdóttur var veittur af fátækrasjóði þ. 8. nóv. síðastl.
Kvittun óskast.

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

863

788

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7. maí 1910

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft yður að byggja upp hús þau í Sauðagerði, er brunnu nýlega, samkvæmt teikningum þeim, er beiðni yðar fylgði. En leyfið er þó bundið því skilyrði, að vagnfær vegur verði gjörður heim að húsinu áður en byrjað er á byggingu þess. Það verður því þegar í stað að gjöra veg þennan, ef ekki er búið að því.-

Herra Þorleifur Guðmundsson , Sauðagerði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

864

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7. maí 1910

789

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur samkvæmt ósk yðar leyft yður að byggja upp nýtt íbúðarhús á ábýlisjörðu yðar, Ártúnum, með þeirri gerð, stærð og lögun, er sýndvar á teikningu þeirri, er fylgði nefndu erindi yðar og að þjer megið rífa niður timburhús það, sem bærinn nú á á jörðunni og nota efnið úr því í hið nýja hús. En þetta er bundið því skilyrði, að bæjarstjórnin fái 1. veðrjett í hinu nýja húsi fyrir andvirði hins gamla húss, 900 kr., og verður um þetta að gjöra sjerstaka samninga áður en húsið verður rifið niður.-

Ennfremur hefur bæjarstjórnin skuldbundið sig til að kaupa af yður við burtför yðar frá Ártúnum timburhús það, er þjer nú byggið, eptir virðingu, er þjer skilið því af yður, en þó aldrei fyrir meira verð, en nemur 1600 kr. umfram þær 900 kr., sem bæjarstjórnin kemur samkvæmt framansögðu til að eiga veðrjett fyrir í húsinu.-

Herra Þorbjörn bóndi Finnsson, Ártúnum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

865

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. maí 1910

790

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að láta yður fá á erfðafestu með hinum núgildandi erfðafestukjörum c. 3 dagsláttur af landi austanvert við tún yðar við Laugarnar, eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Landið er látið yður á erfðafestu með því skilyrði, að það verði fullræktað að 4 árum liðnum frá útmælingu, að meðtöldu girðingarárinu, og ber að öðru leyti að gjöra erfðafestubrjef fyrir landinu, og stofnast rjettur yðar fyrst þegar það brjef er undirskrifað.

Herra vjelastjóri Ólafur Jónsson, Laugalandi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
9. maí 1910. –

791

Páll Nokkur Guðmundsson Lindarg. 45 hjer í bænum, hefur þ. 30. f.m. orðið að þiggja styrk af fátækrasjóði bæjarins að upphæð 20 krónur. Samkvæmt meðfylgjandi æfiferilsskýrslu Páls, er hann sveitlægur í Kleifahreppi sýslu yðar, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer við fyrsta tækifæri viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfesti hans og um leið innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk og senda mjer. –

Skýrsla um aðsjón er gjörð hefur verið á heimili nefnds Páls Guðmundssonar fylgir einnig.

866

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
9. maí 1910.– 792

Stjórnarráðið hefur með brjefi dags. 26. f. m. skrifað mjer á þessa leið:–
„Þjer hafið, herra borgarstjóri, í brjefi, dags. 19. þ. m. sent hingað umsögn yðar um erindi Júl. Klingsdóttur, þar sem hún berst upp undan því, að þjer hafið eigi viljað veita sjer styrk úr fátækrasjóði bæjarins til greiðslu á húsaleigu. Í umsögn þessari ~~[illegible]~~ látið þjer þess getið, að þjer hafið gengið inn á það við oddvita framfærslusveitar hennar, að þjer ljetuð úti til bráðabirgða það er hún og börn hennar nauðsynlega þyrftu sjer til lífsframfæris og að þjer hafið gert það. En um húsaleiguskuld þá, sem hún þó stöðuglega hefur kvartað um, að þjer eigi hafið viljað greiða, gefið þjer þær upplýsingar, að hún sje frá liðnum tíma og stofnuð án nokkurrar tilhlutunar fátækrastjórnarinnar og bresti yður því heimild til að greiða hana úr fátækrasjóði. Eptir þessum málavöxtum þykir stjórnarráðinu eigi ástæða til að hlutast frekar til um þetta mál“.
Þetta tilkynnist hjermeð.–

Til
Júlíönu Klingsdóttur.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. maí 1910. – 793

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri kvittun frá G. Rössel fyrir kr. 1756.62 til endurgjalds fyrir vinnu við vatnsveituna síðastl. ár. –

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur. –

868

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. maí 1910. –

494

Hjermeð tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að ómaginn Guðmundur Jónsson, er hefur verið komið fyrir hjá Sl. Arnórssyni, Narfastöðum, dó þann 18. apríl síðastl.

Til

bæjargjaldkerans Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. maí 1910.

795

Fátækrasjóður Reykjavíkur hefur þ. 5. okt. síðastl. og þ. 4. maí þ.á. orðið að greiða meðlag til samans 50 kr., með barni Árna Helgasonar á Hvítársíðu og Halldóru Guðmundsdóttur, Guðrúnu að nafni, er fjellu í gjalddaga þ. 5. okt. síðastl. og 5. maí þ.á. samkv. úrskurði bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 24. okt. 1908.

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, úrskurð þennan ásamt lífsvottorði barnsins og bið yður að innheimta fúlgurnar hjá Hvítársíðuhreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Úrskurðurinn óskast endursendur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. mai 1910.

796.

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með yfirlýsingu frá Helga Helgasyni dags. 11. okt. f. á. sem þjer eruð beðinn að þinglýsa sem kvöð á húsunum Nr. 2 við Óðinsgötu og Bergstaðastræti Nr. 9. Magnús Vigfússon eigandi hússins Bergstaðastræti 9, borgar þinglestrargjaldið.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. maí 1910

797

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur á fundi sínum í gær tekið ábyrgð af 4 kr. 50 aura húsaleigu um hvern mán. f. fyrir Odd Oddsson samkv. því, er þjer hafið farið fram á í brjefi dags. 16. f. m. -

Þetta tilkynnist hjer með. -

Herra
Sig. Jónsson, Grettisg. 54.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. maí 1910. –

799

Fátækranefndin hefur í gær á fundi sínum ákveðið að greiða 12 kr. á mánuði hverjum með Agli Guðrasyni.
Þetta tilkynnist yður.

Til
Jóns Sigmundssonar, Bjarnaborg. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. maí 1910

800

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður, herra trjesmiður, að byggja tvíloptaða viðbót við 10c í Lækjargötu, 10°×15° að stærð, og þar að auk í þvottahúsakjallara steyptan, með kjallarann í jörðu að stærð 5½°×6°

Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Herra
trjesmiður Sigurjón Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

876 875

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. mai 1910.

801

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður veitt leyfi að gjöra glugga-kvist (á 20 k.) á vesturhlið hússyðar, Lækjargötu 6ª.
Þetta tilkynnist yður, herra bókbindari, hjermeð.

Herra
bókbindari Guðm. Gamalíesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

876

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
13 maí 1910. –

802

Bæjarstjórnin hefir leyft yður, herra skólastjóri, að gjöra bráðabyrgðaskúr áfastan við fjós yðar á erfðafestulandinu í Kringlumýri; skúrinn 4½° x 4½° að flatarmáli.

Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Herra
skólastjóri Páll Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13 maí 1910.

803

Bæjarstjórnin hefur leyft versl. „Edinborg" að gjöra samgönguskúr milli verslunarhúsa hinna tveggja, búðarinnar við Austurstræti og vefnaðarvörubúðarinnar við Hafnarstræti. Skúrinn á að standa á stólpum, svo að gengt verði undir, 4° breiður og 14½° langur.-

Til

verslunarinnar „Edinborg", Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. maí 1910.

804

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að gjöra breytingar á gluggum og dyrum á húsi yðar Austurstræti 10, en jafnframt erud þjer kærdur til sekta fyrir að hafa byrjað á verkinu án byggingarleyfis.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
kaupm. Davíð Östlund,
Austurstræti 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. maí 1910. — 805

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum
í gær leyft yður, herra gullsmiður,
að setja eina hæð ofaná búð yðar
og vinnustofu, Austurstræti 5, þannig
að þar sem undir húsið er 9° x 12°,
verður yfirbyggingin 9° x 14° og ganga
2 álnirnar út yfir bakhliðina. Enn-
fremur leyfðir 3 kvistgluggar á
gamla húsinu og opnar veggsvalir.
Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
gullsmiður Ólafur Sveinsson.
Austurstræti 5. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjórans Reykjavíkur
12. maí 1910.

806.

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gærkveldi leyft yður að byggja hús fyrir fjós og hlöðu, 6°x10° að stærð, í norðaustur horni lóðar yðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
Jón Jónsson, Eyvík,
Grímsstaðaholti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. maí 1910.

807.

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra söðlasmiður, að gjöra tvíloptað íbúðarhús úr steinsteypu 14°x14 + inngönguskúr 10°x 4° á lóð sinni Laugaveg 76, er þjer hefur keypt af Sigurði Guðmundssyni frá Selalæk. Einnig var yður leyft að setja húsið 1½° fyrir vestan (4° breiðan) stíginn uppað húsi Sigurðar Einarssonar, með því skilyrði, að stígur þessi haldist opinn. Lóðin er 25° tæpar framm með Laugavegi frá stígnum en dýptin er ca. 30°

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
söðlasm. Jón Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans í Reykjavíkur
13 maí 1910.

808.

Bæjarstjórnin hefir leyft yður at reisa tvílofta íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni Nr. 8, Laugaveg, þannig lagað, at framan með Laugaveg er húsið 22½° x 9° og aptur úr því 22° x 14°. Karnap, á framhlið niðri.
Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Herra
kaupm. Gísli Hjalmarsson, R.vík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. maí 1910.

809.-

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra kaupmaður, að gjöra skúr 4°x10° að stærð á lóðinni Skólavörðustíg 17, bak við hús það, sem þar er fyrir, en á mörkum til austurs. Leyfið er bundið því skilyrði, að eldvarnarveggur komi á þær hliðar, sem nær eru mörkum en 6 álnir.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
kaupm. Jón Þórðarson, Rvík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Réykjavikur

14.mai 1910 810

Bæjarstjórn Reykjavikur hefur á fundi sinum i gær, sampykkt eptirgreindar brunabótavirðingar á þessum húseignum :

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanns kaupm. Jóhannessonar við Laugaveg nr.19 | kr. | 3024.oo |
| Sigurbjörns Þorkelssonar við Njálsgötu 44 | " | 3785.oo |
| Samúels Jónssonar trjesmiðs, við Skólavörðustig 35 | " | 16529.oo |
| Th. Thorsteinson á Kirkjusandi | " | 2466.oo |

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjer með.-

Til

Brunamálastjór-a Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14.mai 1910

91/811

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjarfógeti,brunabótavirðingar á 4 húseignum,er bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær sambykkt.-

Til

Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14.mai 1910 812

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 20-tuttugu krónur, til endurgjalds á eptirstöðvum af barnsmeðlagi er ávisað var úr fátækrasjóði þ.19.april með barni Magnúsar Magnússonar og Sesselju Magnúsdóttur, Guðrúnu að nafni.-

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykj-avíkur

14.mai 1910

813

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum þ.12.mai leyft yður að byggja einlypt íbúðarhús með porti,á horni Hverfisgötu og framlenging Ingólfsstrætis,með eptirfylgjandi skilyrðum:

1.Að landstjórnin lofi aðstoð sinni til að bærinn fái ókeypis lóð á sínum tíma undir Ingólfsstræti milli Bankastrætis og Hverfisgötu að svo miklu leyti land það telzt eign landssjóðs,

2. Að hæð og breidd gangstjettanna í Hverfisgötu og Ingólfsstræti verði ákveðin áður en hússtæðið verður mælt út,

3. að 1.gólf verði ekki meira en 4 álnir yfir gangstjett á miðjum norðurvegg,

4. Að sprengt verði svo riflega fyrir útveggjum hússins,að sprengj megi síðar fyrir gangstjóttum,húsinu að skaðlausu,

5.Að syllur hvíli ekki á portveggjum,heldur á þakstólum innan á portveggina,að bitaendar hvíli á nægilega stórum fleti í veggjunum, að kjallaraveggir sjeu ekki þynnri en 12",

6. að þriggja álna inngangur sje fyrir slökkvitól frá Hverfisgötu, meðan Ingólfsstræti er ógert á þessu svæði.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra hjeraðslæknir, hjer með.-

Herra

hjeraðslæknir Guðmundur Hannesson,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.mai 1910 814.-

Bæjarstjórn Reykjavikur hefur á fundi sinum i gær leyft yður, herra kaupmaður, að byggja bryggju fram undan Frostastaðalóðinni með skilyrðum þeim er hjer greinir:

1.

Að bryggjan verði byggð eptir teikningu, er samþykkt sje af hafnarnefndinni og verkið unnið undir eptirliti verkfræðings, er hafnarnefndin tilnefnir eða samþykkir.

2.

Að bryggjan nái svo langt ó i sjó fram, að gufuskip sömu stærðar og póstskipin nú eru, geti fermt og affermt við hana um stórstraumsfjöru.

3.

Að öllum skipum og bátum verði, eptir því sem rúm leyfir, heimilt að ferma og afferma farþega farangur og vörur við bryggjuna gegn því að greiða hið ákveðna gjald fyrir, eptir reglum, er bryggjueigandi og hafnarnefnd siðar koma sjer saman um, um notkum og umferð á bryggjunni.

Bryggjueiganda skal skylt að gjöra veg og halda honum jafnan vagnfærum tálmunarlaust fyrir almenning.

4.

Að bryggjugjaldið þ.e. gjald af skipum fyrir að leggjast við bryggjuna og gjald af vörum, sem geymdar eru á bryggjunni sjálfri verði fyrirfram ákveðið fyrir fermingu og affermingu og liggi upphæð gjaldsins undir samþykki bæjarstjórnarinnar. Eptir að bærinn hefur byggt hafskipab[illegible]

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lægra,en samsvarandi gjald af bryggju bæjarins.-

5.

Að af bryggjugjaldinu greiðist 20% i hafnarsjóð frá þeim tima að hafnarsjóður eða aðrir,er bæjarstjórnin hefur falið eða gefið leyfi til hafnargjörðar,tekur gjald af sinum eigin bryggjum eða hafnarvirkjum. Ekkert gjald greiðist af bryggjunni i hafnarsjóð meðan bærinn ekki tekur neitt gjald af bryggjum sinum eða hafnarvirkjum.

6.

Að bryggjueigendur heimili að vatnsæð verði lögð eptir bryggjunni frá vatnsveitunni ef bæjarstjórnin óskar þess,og afhendi skipum þeim,er við bryggjuna liggja vatnið og standi bænum reikningsleg skil á gjaldinu gegn 10% þóknun af upphæð þess.

7.

Að bæjarstjórnin hafi rjett til að kaupa bryggjuna hvenær sem er eptir að byrjað er að taka gjald af bryggjum eða hafnarvirkjum bæjarins fyrir verð það,er tveir óvilhallir dómkvaddir menn meta,þó þannig að hver málsaðila megi skjóta þvi mati undir yfirmat 4.dómkvaddra manna.Bryggjan sje metin til verðs i þvi ástandi sem hún er i þegar mat fer fram,eptir sannvirði hennar þá þ.e. án tillits til arðs þess,er hún kann að hafa gefið af sjer undanfarin ár.-

8.

Að bryggjan sje fullgjörð ekki siðar en við árslok 1911. og byrjað á bryggjunni ekki siðar en vorið 1911.En sje þessu ekki fullnægt,er leyfið fallið burt.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur 815

14.mai 1910

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri, kr.13.34 til endurgjalds á 2/3 hlutum af sveitarstyrk er Þjóðbjörgu Benjaminsdóttur var veittur þ.5.og 26.jan.þ.á.-

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

893
892
891

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14.mai 1910 816

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær synjað yður um erfðafestuland það i Fossvogi, er þjer hafið farið fram á að fá i brjefi dags. 6.f.m..-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Sveinn Þórðarson, Óðinsgötu 3, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

893
892

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17.mai 1910 817

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri, ávisun að upphæð kr. 46.67 til endurgjalds á 2/3 hlutum af sveitarstyrk,er Kristinu Guðvaldinu Guðmundsdóttur var veittur þ.31.okt.,6.nóv. og 15.s.m..- Einnig á upphæðin að ganga til lúkningar 2/3 hlutum af styrk þeim, er Benjamin Guðmundssyni,Skólavörðustig 33,var veittur þ.6.des.siðastl.

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

893

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17.mai 1910 818

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri, póstávisun að upphæð kr. 86.oo til endurgjalds fra Reykhólahreppi á 2/ hlutum af eptirstöðvum af legukostnaði Þóreyjar Guðmundsdóttur.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

894 B

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17.mai 1910 819

Hjer með sendi jeg yður herra sýslumaður, reikning að upphæð 50 krónur ,sem er sveitarstyrkur sá,er Benjamin Guðmundsson,Skólavörðustig 33 hefur orðið að þiggja af fátækrasjóði Reykjavikur frá 21.des. til 10.febr.,og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta upphæðarinnar hjá Øxafjarðarhreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Til

sýslumannsins i Þingeyjarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17.mai 1910 820

Fátækranefndin hefur á síðasta fundi sínum ákveðið að hækka meðlagið með sjúklingnum Halldóri Jónssyni um 6.kr.Meðlagið fyrir mánuð hver-n verður því 26 kr.-

Til

Þjóðbjargar Þórðardóttur,Spitalastig 4.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17.mai 1910

821

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur á síðasta fundi sínum samþykkt að hækka meðlagið með sjúklingnum Halldóri Jónssyni um 6 kr.- Mánaðarmeðlagið verður því 26 krónur.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17.maí 1910 822

Á fundi 13.þ.m. var lögð fram beiðni yðar dags.20.f.m. þar sem þjer biðjið um að fá á erfðafestu 16-18 hektara úr Vatnsmýrinni. Bæjarstjórnin synjaði yður um land þetta, en væntir að þjer getið fengið nægilega stórt land annarsstaðar í bæjarlandinu.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

fyrv, óðalsbóndi Eggert Briem, Ingólfshvoli.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17.maí 1910 823

Á fundi bæjarstjórnarinnar 13.þ.m. var lögð fram beiðni yðar um að fá á erfðafestu c.3 dagsláttur afást við erfða festuland yðar í Kaplaskjólsmýrinni.Bæjarstjórnin veitti yður la þetta á erfðafestu og sje ræktunartiminn 4 ár að meðtöldu girði arárinu,og mun bæjarverkfræðingurinn síðar útmæla yður landið.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Ágúst Einarsson,Lágholti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17.mai 1910 824

Á fundi bæjarstjórnarinnar 13.þ.m. var lögð fram beiðn[i] yðar dags.4.f.m. um að fá keypta byggingarlóð undir hús við veginn að Laugarnesspitala og að fá á erfðafestu 5 dagsláttur af landi fyrir norðan sundlaugina.-

Bæjarstjórnin samþykkti að yður yrði seld byggingarlóð[i]n eptir útvisun bæjarverkfræðingsins og eptir samkomulagi við byg[g]ingarnefndina fyrir 50 aura feralin hverja, og ennfremur að yður verði fengnir á erfðafestu allt að 2 hektarar á svæði því er þ[jer] biðjið um, eptir útmælingu bæjarverkfræðingsins og sje ræktunartíminn 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Emil Rokstad, Laugarnesi.-

899

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

900

Skrfstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17.mai 1910 825.

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar var lögð fram beiðni yðar um að fá á erfðafestu allt að 12 dagslattur úr Kirkjumýrinni vestast,norðan við veginn niður að Laugunum og austanvert við erfðafestuland Einars Benediktssonar.Bæjarstjórnin samþykkti að veita yður 2 hektara á erfðafestu af landi þessu og sje ræktunartimim 6 ár að meðtöldu girðingarárinu,og mun bæjarverkfræðingurinn siðar útmæla yður landið.-

Herra Guðmundur Helgason,Laugaveg 119

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.mai 1910    826

Á fundi bæjarstjórnarinnar 13.þ.m. var lögð fram beiðni yðar um að fá c.5 dagsláttur á erfðafestu af landi er liggur meðfram Laugalækjum að sunnan, en norðanvert við eldri veginn niður að sundlauginni, til ræktunar og til þess að hafa þar hænsnabú, og sækið þjer jafnframt um, að bæjarstjórnin veiti yður lítilsháttar fjárstyrk til að byrja með hænsnaræktunina.-

Bæjarstjórnin samþykkti að yður verði veitt erfðafesta fyrir 2 hekturum af landinu, en vill þó ekki að útvisunin nái alveg að Laugalæknum og auk þess, hún setur það skilyrði að erfðafestueigandi sje skyldur til að koma í veg fyrir, að óhreint vatn renni af landinu í Laugalækinn og gjöri þau mannvirki, er fasteignarnefndin telur nauðsynleg til að fyrirbyggja það, og hafi þjer ræktað landið, að undanteknu því, er afgirt verður til hænsnaræktunarinnar á 5 árum frá útmælingu, að meðtöldu girðingarárinu, -og mun bæjarverkfræðingurinn síðar útmæla yður landið.-

Hinsvegar synjaði bæjarstjórnin yður um fjárstyrkinn til hænsnaræktunarinnar.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Kristján Sigurðsson, Bergstaðastræti 10, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

90207

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. maí 1910 827

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 30-þrjátíu krónur til endurgjalds á styrk þeim, er Guðmundi Sigurðssyni, Skólavörðustíg 33 var veittur úr fátækra sjóði þ. 21. des. 1909.-

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

828

18.maí 1910

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri,18-átján krónur til endurgjalds frá Gaulverjabæjarhreppi á 2/3 hlutum af legukostnaði Lisbetar Sigurðardóttur í Ána-naustum,er ávísað var úr fátækrasjóði þ. 23.febr.síðastl.

Kvittun óskast við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18.maí 1910 829.-

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40-fjörutíu krónur frá Stokkseyrarhreppi til endurgjalds á barnsmeðlagi, er ávísað var úr fátækrasjóði þ.15.jan.þ.á., með barni Guðlaugs Gíslasonar og Eyjólfínu Eyjólfsdóttur, Einari að nafni frá 2/1 1909 til jafnlengdar 1910.-

Fyrir greiðslunni væntist kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. mai 1910 830.-

Með brjefi dags. 29. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer, 40 - fjörutíu krónur, er þjer hafið innheimt samkvæmt ósk minni hjá Stokkseyrarhreppi, til endurgjalds á meðlagi fyrir árið frá 2/1. 1909 til jafnlengdar þ. á., með barni Guðlaugs Gíslasonar og Eyjólfinu Eyjólfsdóttur.-

Fyrir greiðslu þessari kvittast hjer með.-

Til

sýslumannsins í Árnessýslu.-

Kaldaðarnesi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18.mai 1910 831.-

Með heiðruðu brefi dags.29.f.m. hafið þjer,herra sýslumaður,sent mjer kr 18.00 til endurgjalds 2/3 hlutum af legukostnaði Lisbetur Sigurðardóttur í Ánanaustum,og kvittast hjer með fyrir greiðslu þessari.-

Til

sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.mai 1910 832

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri, kr.36.67-þrjátiu og sex krónur sextiu og sjö aura til endurgjalds frá Biskupstungnahreppi á 2/ hlutum af styrk er Halldóri Þórðarsyni,Laufásveg 36 hjer i bænum var veittur þ.16.júni,24.des.f.á. og 10.marz þetta ár.-

Fyrir greiðslunni væntist kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18.mai 1910 833.-

Með heiðruðu brjefi dags.15.þ.m. hafið þjer,herra hreppsnefndaroddviti,fyrir hönd Biskupstungnahrepp sent mjer kr.36.67 til endurgjalds á 2/3 hlutum af sveitarstyrk,er Halldóri Þórðarsyni hefur verið veittur hjer af fátækrasjóði Reykjavikur,og kvittast fyrir greiðslu þessari.-

Til

hreppsnefndaroddvita Biskupstungnahrepps.-

Brekku.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.mai 1910 834

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 6.66-sex krónur sextiu og sex aura til endurgjalds á eptirstöðvum af styrk, er Bjarna Bjarnasyni, Grjótagötu 14, var veittur af fátækrasjóði Reykjavikur þ. 1.nóv.siðastl.

Fyrir greiðslu þessari væntist kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19. maí 1910 855

Bjarni Bjarnason, Grjótagötu 14 hefur endurborgað kr. 8,34 af þeim 13 krónum 34 a., sem framfærslusveit hans Helgafellssveit hefur greitt fyrir hann. Þessar 8 kr. 34 a., sendi jeg yður hjer með herra sýslumaður, áleiðis til framfærslusveitarinnar, og get jeg þess um leið, að Bjarni hefur lofað, að greiða þær 5 krónur er eptir standa hið fyrsta.-

Til

sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.mai 1910 836

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með reikning til Sandvikurhrepps að upphæð 115 kr., sem er styrkur, er Friðsemd Jónsdóttir hefur orðið að þiggja af fátækrasjóði hjer, og leyfi jeg mjer að fara fram á að yður vildi þóknast, að innheimta 2/3 hluta upphæðarinnar hjá Sandvikurhreppi og senda mjer við allra fyrsta tækifæri.-

Til

sýslumannsins í Árnessýslu.-

Kaldaðarnesi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. maí 1910. –

837

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa mælt með að yður verði veitt undanþága frá byggingarsamþykktinni um styrkleika bita í húsi yðar við Lækjargötu 10c, er þjer hafið farið fram á í brjefi dags. 13. þ. m.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
trjesm. Sigurjón Sigurðsson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. maí 1910.

838

Bæjarstjórnin hefur veitt yður, herra snikkari, leyfi til að mega setja dyr í staðinn fyrir glugga austast á suðurhlið hússins Nr. 7 í Bankastræti, samkv. beiðni yðar dags. 8. þ. m.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
snikkari Guðmundur Jakobsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. maí 1910.

839

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var lögð fram beiðni yðar, dags. 10. þ. m. um að fá allt að 8 dagsláttu neðan verðs við veginn inn að Elliðaánum; og samþykkti bæjarstjórnin að veita yður á erfðafestu 2 dagsláttur úr landspildu þeirri, sem er milli Laugarnesvegarins að Þvottalaugunum, þar sem bæjarverkfræðingurinn mælir til. Ræktunarlánin sjeu bár að með töldu girðingarinnar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Herra
Sveinn Þórðarson, Óðinsgötu 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. maí 1910.



840

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, að bæjarstjórnin hefur að fundi sínum í gær samþykkt brunabótavirðingu á húseign Guðmundar Einarssonar við Framnesveg á kr. 3997.00.-

Til.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. maí 1910

841

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingu á húseign Guðmundar Einarssonar við Frammnesveg, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.maí 1910 842

Jóhann Jóhannesson kaupmaður,hefur byggt geymsluhús við Laugaveg 17 og notað til byggingarinnar grennri viði,en heimilt er samkvæmt byggingarsamþykktinni,án þess að hafa fengið undanþágu.Fyrir þetta brot kæri jeg hjer með nefndan kaupmann og krefst þess að hann verði látinn sæta sektum fyrir.Byggingarfulltrúinn mun ef þjer óskið mæta í rjettinum og gefa þær upplýsingar og skýringar þessu viðvíkjandi,sem þjer teljið þurfa.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.mai 1910 843

Sigurjón trjesmiður Sigurðsson hefur byrjað að byggja viðbót við íbúðarhús hans 10 c í Lækjargötu og haldið áfram hússmiðinni áður en teikningar vrou sambykktar af byggingarnefndinni, og leyfi veitt til byggingarinnar.Fyrir þetta brot gegn byggingarsambykktinni,leyfi jeg mjer samkvæmt ályktun byggingarnefndar að krefjast,að nefndur snikkari verði látinn sæta sektum.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.mai 1910 844

Davið Østlund trúboði hefur byrjað að breyta húsi sinu i Austurstræti 17 án þess að hafa fengið til þess leyfi byggingarnefndar. Fyrir þetta brot, er nefndur trúboði hjer með kærður og þess krafizt, að hann verði látinn sæta sektum fyrir það samkvæmt ákvæðum byggingarsamþykktarinnar.-

Til

Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. maí 1910.

845.

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 550 fimmhundruð og fimmtíu krónur, sem er andvirði húss vatnsveitunnar í Rauðhólum, sem barón C. Frederiksen hefur keypt, og færist upphæðin með tekjum vatnsveitunnar.

Til
bæjargjaldkerans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

921

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. mai 1910

845

Á fundi 12. þ.m. ákvað bæjarstjórnin, að hún ekki vildi leyfa Guðmundi hjeraðslækni Hannessyni að byggja íbúðarhús á lóð þeirri, er hann hefur keypt af landstjórninni á horninu við Hverfisgötu og fyrirhugaða framlengingu Ingólfsstrætis, nema með því skilyrði meðal annars :

" Að landstjórnin lofi aðstoð sinni til að bærinn fái ókeypis lóð á sinum tima undir Ingólfsstræti milli Bankastrætis og Hverfisgötu, að svo miklu leyti land það telzt eign landssjóðs".-

Jeg leyfi mjer nú virðingarfyllst að spyrjast fyrir um, hvort stjórnarráðið vilji heita aðstoð sinni til þessa. Jafnframt læt jeg þess getið, að áður mun hafa verið leitað samninga um að bærinn fengi ókeypis af Arnarhólslóðinni undir bæði þessa og aðra fyrirhugaða götu og þá mun hafa verið vel undir þá málaleitun tekið af hálfu stjórnarráðsins, en enginn endanlegur samningur um það gjörður. En nauðsyn er á því að fá götur ákveðnar og samning gjörðan um lóð undir þær, áður en byggingar verða þar leyfðar.-

Til Stjórnarráðs Ís[lands]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. mai 1910

Með hæztvirtu brjefi dags. 18. þ.m. hefur stjórnarráðið sent til umsagnar bæjarstjórnarinnar brjef hjeraðslæknis Guðmundar Hannessonar dags. 14. þ.m., þar sem hann fer þess á leit, að stjórnarraðið felli úr gildi skilyrði það, er bæjarstjórnin hafði sett fyrir leyfi til handa honum að mega byggja ibúðarhús á horninu á Hverfisgötu og fyrirhugaðri framlengingu á Ingólfsstræti, sem sje það skilyrði, að landstjórnin heiti aðstoð sinni, til þess að bærinn fái ókeypis á sinum tima lóð undir Ingólfsstræti, milli Bankastrætis og Hverfisgötu, að svo miklu leyti lóðin telzt eign landssjóðs.-

Þessu viðvikjandi leyfi jeg mjer að visa til brjefs mins til stjórnarráðsins dags. 21. þ.m., en i brjefi þessu fór jeg þess á leit, að stjórnarráðið vildi heita aðstoð sinni til þessa. Ef stjórnarráðið verður við þessari ósk minni, þá er skilyrðið þegar uppfyllt.-

En annars leyfi jeg mjer virðingarfyllst að taka það fram, að eins og bæjarstjórnin getur bannað að byggja á hverri lóð sem er innan takmarka kaupstaðarlóðarinnar, eins getur hún sett hvaða skilyrði sem er fyrir byggingarleyfinu. Að setja skilyrði það er hjer ræðir um var i sjálfu sjer eðlilegt, þar sem húsið á að standa út að götu, sem ennþá er ekki búið að leggja, og götulagningin fer eptir því hverjum kjörum bæjarstjórnin þarf að sæta með lóðarkaup undir hana. Jeg lit svo á, að hjer sje sett skilyrði, sem bæjarstjórnin hafði fulla heimild til að setja og sem ekki verði fellt burt án samþykkis bæjarstjórnarinnar, enda vænti jeg að stjórnarráðinu þyki skilyrðið vera eðlilegt i sjálfu, svo að þegar af þeirri ástæðu geti ekki komið til mála, að fella

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það úr gildi.Og verði það gjört,þá er þar með fallið úr gildi byggingarleyfi það,er bæjarstjórnin hefur veitt Guðmundi Hannessyni.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

847

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. mai 1910

Bæjarstjórnin hefur kosið yður, herra bæjarfulltrúi, ásamt bæjarfulltrúunum Þ.J.Thóroddsen og Lárus H.Bjarnason i nefnd til þess að ihuga og gjöra tillögur um útsvarskærur þær, er fram kunna að koma. Kærur þær, sem hingað hafa komið hef jeg sent Bæjarfulltrúa Þ.J.Thóroddsen og gjöri jeg ráð fyrir, að hann kalli nefndina saman til fundar á sinum tima.-

Til bæjarfulltrúa Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

848

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. maí 1910.

Bæjarstjórnin hefur kosið yður, herra bæjarfulltrúi, ásamt bæjarfulltrúunum Þ.J.Thoroddsen og Arinbirni Sveinbjarnarsyni í nefnd til þess að íhuga og gjöra tillögur um útsvarskærur. Kærur þær, sem sendar hafa verið hingað til skrifstofunnar hef jeg sent bæjarfulltrúá Þ.J.Thóroddsen og gjöri jeg ráð fyrir, að hann kalli nefndina saman til fundar á sínum tíma.-

Til bæjarfulltrúa Lárusar H.Bjarnason.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

926

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. maí 1910.

849

Bæjarstjórnin hefur kosið yður, herra læknir, ásamt bæjarfulltrúunum Lárusi H. Bjarnason og Arinbirni Sveinbjarnarsyni í nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um framkomnar útsvarskærur. Þjer fenguð flest atkvæði við kosninguna og vænti jeg að þjer kallið nefndina saman til fundar.-

Útsvarskærur þær, sem sendar hafa verið hingað til skrifstofunnar sendi jeg hjer með.-

Herra læknir Þ. J. Thoroddsen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur 850

23. mai 1910

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að framlengja nú þegar á þessu vori holræsið í Laugavegi, þannig að það nái ræsinu í Frakkastig, og hafa húseigendur við götuna þegar að mestu innborgað til gjaldkera bæjarins að mestu tillög þau, er þeir höfðu lofað.-

Er því hjer með lagt fyrir yður, herra bæjarverkfræðingur, að láta gjöra holræsisstúf þennan nú þegar, því tillagið af hálfu húseigenda er greitt með því skilyrði, að unnið verði að holræsagjörðinni nú í þessum mánuði.-

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórn Reykjavíkur
28. maí 1910

857

Á fundi 19. þ.m. var lögð fram beiðni yðar um að fá lán úr hafnarsjóði til að gjöra mótorbát.– Bæjarstjórnin synjaði yður um lán til þessa.–

Herra
skipasmiður Bjarni Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. mai 1910

852

Bæjarstjórnin hefur ákveðið að láta bjóða upp við opinbert og selja á leigu hæztbjóðanda slægjurjettinn og beitarrjettinn i Effersey á þessu ári og sömuleiðis Þorgrimsholtsblett til slægna. Jeg bið yður því, herra bæjarfógeti, að bjóða upp lönd þessi með sömu kjörum og sömu skilmálum sem síðastliðið haust, og þetta óska jeg að verði gjört hið allra fyrsta að hægt er að undangenginni auglýsingu i tveimur helzt blöðum bæjarins, er jeg vænti, að þjer gefið út.

Til Bæjarfógeta ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. mai 1910

853

Mjer hefur verið skýrt frá því að konsúll J.Brillouin hafi byggt hús nálægt íbúðarhúsi hans á Fjelagstúni og standi húsið í lóðarmörkum eða muni jafnvel ná inn á nágrannalóðina.Nefndur konsúll hefur hvorki sótt um nje fengið neitt leyfi til að byggja slíkt hús,og sje þetta rjett hermt er hjer um brot á byggingarlögum bæjarins að ræða.Það er því hjer með lagt fyrir yður,herra byggingarfulltrúi,að rannsaka hvort þetta er rjett og senda mjer við fyrsta tækifæri skriflega skýrslu um áranguriinn af þeirri rannsókn yðar.-

Til Byggingarfulltrúa Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24. mai 1910

854

Fyrir nokkrum dögum veiktist hjer mjög gamalmenni Solveig Friðriksdóttir að nafni og varð að flytja hana eptir skipun læknis á sjúkrahúsið og fátækrasjóður Reykjavikur varð að taka ábyrgð á legukostnaðinum. Skýrslu um æfiferil nefndrar Solveigar sú, er hjer með fylgir, virðist bera það með sjer, að hún sje sveitlæg i Skeiðahreppi i Árnessýslu og því bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndar Skeiðahrepps um hvort hún viðurkennir sveitfesti gamalmennis þessa. Reikningurinn yfir legukostnaðinn verður sendur á sinum tima.-

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
24. maí 1910.

855

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 100 eitt hundrað krónur til endurgjalds á kr 72.00 1909 og 28 kr. 1910, er Jóni Þorvaldssyni hefur verið ávísað úr fátækrasjóði.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. maí 1910.

856

Með heiðruðu brjefi dags. í gær, hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd Grindavíkurhrepps sent mjer kr. 65.50 sextíu og fimm krónur fimmtíu aura til endurgjalds á 2/3 hlutum af legukostnaði Maríu Kristínar Guðmundsdóttur.

Fyrir greiðslu þessari kvittast hjer með.

Til

sýslumannsins í Gullbr. og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjórn Reykjavíkur
24. maí 1920.

857

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr 65.50 sextíu og fimm krónur og fimmtíu aura frá Grindavíkurhreppi til endurgjalds á 2/3 hlutum af legukostnaði Maríu Kristínar, dóttur Guðmundar Magnússonar, Lindargötu 5.

Kvittun óskast fyrir þessum kr. 65.50. við fyrsta tækifæri.

Til
bæjargjaldkerans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. maí 1910.



858

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi samþykkt að svara málaleitun hlutafjelagsins "Baðhús Reykjavíkur", um að fá vatnsskattsgjaldið fyrir yfirstandandi ár fært niður frá því sem ákveðið var, þannig, að skatturinn megi með samningi færast niður í 150 kr. yfir árið eða frá 1. okt. f.a. til jafnlengdar þetta ár, og svo hlutfallslega fyrir síðustu þrjá mánuði þessa árs.-

Jafnframt því að tilkynna þetta vænti jeg að meðtaka hið fyrsta yfirlýsingu fjelagsstjórnarinnar um hvort hún gengur að þessu.-

Til hlutafjelagsins "Baðhús Reykjavíkur".-
Herra málaflutningsmaður Eggert Claessen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. mai 1910.



859

Fyrirspurn Talsímahlutafjelags Reykjavíkur um það hve mikið gjald bæjarstjórnin mundi taka fyrir að láta vatn úr vatnsveitunni til að reka rafurmagnshreyfivjel 1,5 hestalfs 10 stundir á dag,hefur bæjarstjórnin á síðasta fundi svarað þannig,að hún ekki vilji veita leyfi til að nota vatn úr vatnsveitunni til hinnar umræddu hreyfivjelar.-

Þetta til kynnist yður hjer með til birtingar fyrir stjórn Talsímahlutafjelagsins.-

Herra verkfræðingur Knud Zimsen , Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. mai 1910.

860

Erindi nokkurra kaupmanna dags. 29. f.m., um að verða undanþegnir því að greiða aukagjald samkvæmt reglugjörðinni um innheimtu vatnsskattsins af sölubúðunum, var tekið fyrir á síðasta bæjarstjórnarfundi og til svars erindinu samþykkti bæjarstjórnin svohljóðandi yfirlýsingu :

" Bæjarstjórnin telur gjaldsins vera krafizt eins og ætlast var til samkvæmt reglugjörðinni, en lofar jafnframt að taka þetta atriði til sjerstakrar athugunar, þegar reglugjörðin verður endursamin um næstu áramót."

Þetta tilkynnist yður, herra kaupmaður, hjer með til birtingar fyrir þeim kaupmönnum, er undir erindið hafa ritað. Samkvæmt þessu verður aukagjaldið innheimt eins og reikningarnir yfir vatnsskattinn hljóða.-

Herra kaupmaður Ásgeir Sigurðsson , Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. maí 1910

861

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda yður, herra ráðherra, hjer með fundarsköp fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, er samþykkt voru á bæjarstjórnarfundi 12. þ.m., og fara þess á leit, að yður vildi þóknast að samþykkja þau.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. maí 1910.

862.

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda stjórnarráðinu
hjer með brjef sýslumannsins í Árnessýslu dags. 29. marz þ.á,
með 6 fylgiskjölum, en í brjefi þessu vitar sýslumaðurinn að
skylda hreppsnefnd Selvogshrepps til þess að endurgjalda fá-
tækrasjóði Reykjavíkur kr. 182,60, er lagðar voru út til geðveikra
hælisins á Kleppi fyrir sveitarómaga Selvogshrepps, Maríu Bjarna-
dóttur. Jeg leyfi mjer jafnframt að fara þess á leit, að stjórnar-
ráðið felli þennan úrskurð sýslumannsins úr gildi og skyldi
hreppsnefnd Selvogshrepps til þess að endurgreiða umrædda upp-
hæð, eða svo mikinn hluta þennar, sem stjórnarráðinu þykir rjett
vera. Viðvíkjandi málinu vísa jeg til málsskjalanna sjerstaklega
til brjefs míns dags. 2. febr. þ.á.-

Jafnframt get jeg þess, að eptir að hafði meðtekið
nefnt brjef sýslumannsins í Árnessýslu ljet jeg til upplýsingar
málinu taka lögreglurjettarpróf og yfirheyra móður hins geðveika
þurfalings, og jeg sendi hjer með eptirrit af því prófi. Þetta
próf sem og skjölin bera það með sjer, að María var árið 1906
flutt geðveik á framfærslusveit sína, Selvogshrepp. Er úr því svo
var virðist mjer hreppsnefndinni hafa borið skylda til að gæta
þurfalingsins sem sjúklingsins, en í þess stað sleppir hún henni
út úr hreppnum og bein afleiðing af því er það, að henni var í
umboði framfærslusveitarinnar ráðstafað á geðveikrahælið hjer
haustið 1908. Að taka æfiferilskýrslu undir þessum kringumstæðum
áður en María var flutt á geðveikrahælið var því ónauðsynlegt, og
á ekki að geta haft neitt í rjettartap í för með sjer, þótt það
hafi ekki verið gjört.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg bið þess einnig gætt, að nálega helminginn af upphæð þeirri, sem krafizt er endurgjalds fyrir, er greiddur fyrirfram fyrir tímann eptir að æfiferilskýrslan er tekin og jafnframt get jeg þess, að tíminn sem leið frá því æfiferilskýrslan kom í mínar hendur og þar til jeg skrifaði brjefið til sýslumannsins í Árnessýslu fór til þess að útvega aðrar upplýsingar, er æfiferilskýrslan ekki greindi frá, svo að væntanlega verður það undir þessum kringumstæðum ekki lagt til lasts, að meiria en 14 dagar liðu frá því æfiferilskýrslan var tekin og til þess tilkynnt var af minni hálfu.-

il

Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. maí 1910.

863

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur á fundi sínum þ. 14. apríl samþykkt að hækka árs meðlagið með Kristínu Ingu Sigurðardóttur upp í 60 krónur.

Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Til
bæjargjaldkera Rvíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. maí 1910

864

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur á fundi sínum þ. 14. apríl samþykkt að hækka ársmeðlagið með Hansínu Ingu upp í 60 kr. um árið.

Þetta tilkynnist yður hjer með.–

Til
Ástríðar Hannesdóttur,
Njálsg. 39.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. maí

862 943

Jeg leyfi mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, brjef byggingarfulltrúans, dagsett í gær, sem og eptirrit af brjefi mínu til hans, 24. þ. m. –

Samkvæmt þessu brjefi byggingarfulltrúans hefur konsúll J. Brillouin nú brotið byggingarlög bæjarins. Hann hefur hvorki sótt um nje fengið neitt leyfi til að byggja hús það, er ræðir um í brjefinu. Hann byggir húsið úr efni, sem bannað er að byggja úr. Hann byggir það inn á nágrannalóðina eða í öllu falli nær lóðarmörkunum, en heimilt er án eldvarnarveggs, samkv. 20. gr. byggingarsamþykktarinnar. –

Jafnframt því að tilkynna þetta er þess hjer með krafist, að rannsókn verði þegar hafin um þetta og reynist það rjett vera, þá að bæði konsúll J. Brillouin og smiður sá, er húsið byggir verði sektaðir fyrir þetta brot gegn byggingarsamþykktinni. Ennfremur krefst jeg þess, að 32. gr. 2 málslið byggingarsamþykktarinnar verði beitt þannig að þjer tafarlaust bannið, að verkinu sje haldið áfram við húsbygginguna, meðan eigi er fengið leyfi byggingarnefndarinnar til að byggja húsið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

944

d. 28. Mai 1910.

A. 2 430/1910.
866

I Besiddelse af Fattigkommissionens ærede Skrivelse af 6. d. M. undlader jeg ikke herved at meddele, at den i Skrivelsen omhandlede Snorður Sigtryggsson anerkendes for at være forsørgelsesberettiget i Reykjavik, hvorfor Omkostningerne ved den til ham ydede Fattighjælp vil blive refunderede fuldt ud.

Til
Frederiksberg Fattig[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. maí 1910.

867

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, útmælingu bæjarverkfræðingsins á nokkrum lóðum bæjarins, og bið jeg yður að leiðrjetta lóðargjaldaskrána samkvæmt því.

Til
bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
28. mai 1910

868

Heiðruðu brjefi yðar dags. 2.f.m. svarar fátækranefnd Reykjavikur á þá leið, að hún getur ekki fallizt á eða mælt með því, að færð verði niður fúlga sú, er yður hefur verið með úrskurði gjört að greiða með barni yðar og Auðbjargar Guðmundsdóttur, enda yrði það ekki gjört nema um leið yrði skertur rjettur sá, er móðir barnsins hefur öðlast.-

Herra Ólafur Vigfússon, Ási Hegranesi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. maí 1910

869

Jeg sendi hjer með nefnd peirri,er bæjarstjórnin hefur kosið til þess að endurskoða lögreglusambykkt bæjarins, sjerstaklega ákvæðin um hundahald, frumvarp er heilbrigðisfulltrúinn hefur samið til reglugjörðar um hreinsun hunda af bandormum.-

Til bæjarfulltrúa frú Katrínar Magnússon, Ingólfsstræti 9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
28. mai 1910

869

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að Með samningi hefur vatnsskatturinn verið ákveðinnhjá eptirgreindum stofnunum sem hjer segir :

"Iðunni " : 60 kr. á mánuði

Slipfjelaginu : 25 kr. á mánuði

Þvottastöðinni á Norðurpólnum 10 kr. á mánuði

Baðhúsinu : 150 kr. á ári.-

Samningarir gilda frá 1. okt. 1909 til ársloka 1910, og jeg sendi yður hjer með samninga við hin þrjú fyrstnefndu. Er lagt fyrir yður að innheimta skattinn samkvæmt þessu.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. maí 1910.

870

Í dag meðteknar 30 þrjátíu krónur til endurgjalds frá Berunes-hreppi á 2/3 hlutum af flutnings-kostnaði Jóns Þorvarðarsonar og fjölskyldu hans, sem hjer með kvittast fyrir.

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. maí 1910.

871

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 30 - þrjátíu krónur, sem er endurgjald á 2/3 hlutum af flutningskostnaði Jóns Þorvarðarsonar og fjölskyldu hans til Berunesshr., sþ. í Suður-Múlasýslu. — (gjaldliður 18 d,)
kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
30. maí 1910.

872

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja yður, herra bæjarfógeti, að við allra fyrsta tækifæri verði tekin skýrsla um æfiferil Valgerðar Jónsdóttur á Bræðraborgarstíg 1, og senda mjer.

Til
bæjarfógeta Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
31. maí 1910.-

873

Hjer með sendi jeg yður, herra sýslumaður, reikning til Reyðarfjarðarhrepps að upphæð kr. 296.60, sem er fátækrastyrkur, er Sigbirni Sigmundssyni hefur verið veittur af fátækrasjóði Reykjavíkur, og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta reikningsins hjá nefndum hreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Til

Sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.-

952

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
1. júní 1910.

873.

Herra konsúll J. Brillouin

Jeg hef ekki fyr en nú samstundis meðtekið heiðrað brjef yðar, dags. 25. f. m. og til svars niðurlags atriðinu í því brjefi er yður hjer með tjáð, að mannvirkjafræðingur Rostgaard hefur hvorki sent nje sýnt byggingarnefndinni neinn uppdrátt af hesthúsi því, er þar um ræðir, eins og líka heldur ekki hefur komið til byggingarnefndarinnar nein umsókn um að mega byggja hesthús þetta.

Virðingarfyllst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. júní 1910.

874

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 33.33 - þrjátíu og þrjár krónur þrjátíu og þrjá aura frá Breiðhólahreppi til endurgjalds á 2/3 hlutum af sveitarstyrk, er Kristjáni Bjarnasyni Lindarg. 1 var veittur af fátækrasjóði þ. 5. mars þ. á. –

Kvittun óskast. –

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa borgarstjóra Reykjavíkur
3. júní 1910. 875.

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær samþykkt brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum:

Sigurðar Kristjánssonar, Bankastr. kr. 3018.00
Jóns Þorsteinssonar, Grímsstöðum " 2589.00
Erf. Mar. Lárusdóttur, Vesturgötu " 4078.00
Jóhönnu Lárusdóttur, Skólav.stíg 42 " 4361.00
Hjálmars Þorsteinssonar, Frakkastíg " 3483.00

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjer með.

Til
brunamálastjóra Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. júní 1910.

876

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar þær, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

[illegible] júní 19[illegible] 877

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður, herra trjesmiður, að reisa [illegible] á lóð yðar við Skólavörðustíg nr. 4 c.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra

trjesmiður Jóhannes Lárusson, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3. júní 1910 878

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft verzluninni að gera þær breytingar á húsinu við Bankastræti 6, er ræðir um í brjefi til byggingarnefndarinnar dags. 23. maí.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.

Til

Helga Magnússonar og Co.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3.jani 1910

879

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyfi yður, herra bóksali, að gjöra þær breytingar á húsi yðar við Lækjargötu 2,að setja nýjar inngöngudyr í stað glugga,setja glugga í efri hæð yfir þeim,breyta ljósmyndastofunni á 2.hæð í löglega íbúð og gjöra þangað upp stiga,allt samkv.beiðni yðar dags.27.f.m.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

bóksali Sigfús Eymundsson,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3.juni 1910 880

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær leyft yður, herra trjesmiður, að reisa tvilopta ibúðarhús úr timbri við Þingholtsstræti á lóðinni nr.21 norðanverðri. Húsið er 12.16 álnir að stærð með skúr 4.3½°.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

trjesmiður Helgi Thordersen, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3.júni 1910 881

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær leyft yður, herra kaupmaður, að reisa einlopta ibúðarhús 14.12 3/4° að stærð, á lóð að Þingholtsstræti, er þjer kaupið af Jóni Jakobssyni landsbókaverði o.fl. En það athugast að áður en byrjað verður að byggja ber að greiða 20 % af söluverði lóðarinnar i bæjarsjóð og sýna byggingarfulltrúanum kvittun borgarstjóra eða bæjargjaldkera fyrir því að svo sje gört.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Kjartan Gunnlaugsson, Bankastræti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3. juni 1910 882

Bæjarstjórnin hefur leyfi yður og Jóni Setberg að reisa steinstyepuhús 14.15 álnir við suðurendann á smíðahúsi ykkar við Laufásveg. Eldvarnarveggur er i báða enda hússins, húsið kjallari og ein hæð. Reykháfur verður að ná að minnsta kosti jafnhátt mæni á eldra húsinu.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

trjesmiður Eyvindur Árnason, Laufásveg.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3.juni 1910 883

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær sampykkt svohljóðandi ályktun:

" Guðriði Jónsdóttur leyft að reisa viðbót úr steinsteypu við ibúðarhús sitt, Laugaveg 33 i stað pakkhúss pess, sem henni var leyft að reisa á fundi 13.april siðastl., 13.lið. Viðbótin er 7.15½ tvilopta með kvisti á báðum hliðum. Ennfremur leyft að breyta gluggum i framhlið hússins sem nú er og einnig að lækka grunninn og par með húsið um 1 al. og 18 t, eins og hún fer fram á. Ætlast er til að geymsluhús 14.15 álnir, sem stendur á lóðinni, verði rifið niður. Sótt er um endurgreiðslu á byggingarleyfisgjaldi og sampykkir bæjarstjórnin pessa beiðni.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Til

Guðriðar Jónsdóttur. Laugaveg 33.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

964

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3.juni 1910 884

Á fundi bæjarstjórnarinnar i gær, var yður, herra kaupmaður, i umboði Ara Jónssonar alþingism. leyft að reisa ibúðarhús úr steinsteypu i Sauðagerði. Húsið er að stærð 12.22+4½". 10½+skúr 6.3¼" og ein hæð nema skúrinn. Þeim skilyrðum er leyfið bundið að þakið verði þeim mun brattara að risið hækki um 1 al. að minnsta kosti og skammbitar að því skapi, til þess að ibúðarherbergi uppi fullnægi ákvæðum byggingarsamþ., ennfremur að frágangur á þaki og pallgólfi verði tryggilegur, og fellur hjer með burt byggingarleyfi það, er Þorleifi Guðmundssyni var veitt 16.april þ.á.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Haraldur Guðmundsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. júni 1910 886

Erindi frá íþróttafjelögum bæjarins um leiksvæði á Melunum visaði bæjarstjórnin á síðasta fundi sinum til veganefndar.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra ritstjóri, hjer með.-

Herra

ritstjóri Ólafur Björnsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu BorgarstjóraReykjavikur

885

4.júní 1910

Bæjarstjórnin hefur á fundi 2.p.m. leyft yður, herra kaupmaður,að breikka framhúsið,sem yður var leyft að reisa á byggingarnefndarfundi 10.f.m. úr 9° í 9 1/4° þannig að það verði 22 1/2° 9 1/4. Ennfremur leyfðar veggsvalir eins og uppdráttur sýnir.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Gísli Hjálmarsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4. júní 1910 687

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi sínum veitt yður, herra kaupmaður, slátrunarleyfi, samkvæmt umsókn yðar, dags. 31. f. m. með sömu skilmálum sem síðastliðið ár.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Siggeir Torfason, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4.Júní 1910 888

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra heilbrigðisfulltrúi,að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi sínum leyft Siggeiri kaupmanni Torfasyni slátrunarleyfi,er hann hefur farið fram á í brjefi.31.f.m.,með sömu skilmálum og síðastliðið ár.-

Til

Heilbrigðisfulltrúa Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. júní 1910 889

Bæjarstjórnin hefur samþykkt svohljóðandi ályktun:
" Beiðni 4. manna við Bergstaðastræti um holræsi í þá götu, gat bæjarstjórnin ekki sinnt með því að ekki er nein fjárveiting fyrir hendi og ekki fylgir neitt tilboð um tillag til holræsis frá umsækjendunum"

Þetta tilkynnist yður hjer með ásamt umsækjendum yðar.-

Herra

Guðjón Gamalíelsson, Bergstaðastræti 6 a.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4. júní 1910 890

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, alþingiskjörskrá Reykjavíkur og aukaalþingiskjörskrá, er gilda frá 1. júlí 1910 til 30. júní 1911 með leiðrjettingum kjörstjórnar og bæjarstjórnar.-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4. júní 1910

892

Þjer hafið, herra konsúll, með heiðruðu brjefi dags. 28.f.m. falið bryggjusmið G.E.Guðmundssyni að sækja um leyfi fyrir yður til að byggja bátabryggju fram undan miðju íbúðarhúsi yðar á Fjelagstúni. Á bryggjan að vera 75 álnir að lengd, 6 álnir á breidd og 6-7 fet á hæð, vera byggð úr trje og samkvæmt teikningu þeirri, er umsókninni fylgdi.

Erindi þetta hefur verið lagt fyrir hafnarnefnd og bæjarstjórn og hefur bæjarstjórnin leyft það að bryggja þessi verði byggð með sömu skilmálum og ákveðnir voru á bæjarstjórnarfundi 15.okt.1908, þ.e. að bryggjan verði tekin burtu bænum að kostnaðarlausu ef þess verður krafizt þegar bærinn hefur tekið til notkunar lóð-arræmu þá, sem hann á fram undan húsi yðar meðfram sjónum, og ennfremur að viðbættu því skilyrði, að áskilið er af hálfu bæjarstjórnarinnar, að fengið verði samþykki franska spítalafjelagsins í Dunkerge sem fyrst um sinn hefur notkunarrjett lóðarræmunnar fram undan húsi yðar. Vænti jeg að þjer útvegið og sendið hingað samþykki þessa spítalafjelags eða umboðsmanns þess hjer, ef þjer hafið ekki lengur á hendi umboðsmennsku fyrir fjelagið.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

konsúll Brillouin.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

890

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4.júni 1910 891

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri. 10.tiu krónur -sem Magnús Símonarson,Veghúsum hefur í dag borgað mjer upp í styrk hans úr fátækrasjóði .-

Kvittun óskast fyrir þessum 10 kr. við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

9. júni 1910

892

Eins og meðfylgjandi útdráttur úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar sýnir samþykkti bæjarstjórnin á siðasta fundi að taka 100 þúsund króna lán handa bænum, og leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að yður, herra ráðherra vildi þóknast að veita samþykki yðar til þessarar lántöku.-

Jeg sendi ennfremur hjer með eptirrit af fundargjörð fjárhagsnefndarinnar 30. f.m., og visa þar til skýrslu þeirrar, er jeg þá gaf fjárhagsnefndinni og sem lögð var fyrir bæjarstjórnina og er i skýrslu þessari gjörð grein fyrir nauðsyninni til lántökunnar. Til þessarar skýrslu leyfi jeg mjer að visa, og bið þess jafnframt gætt, að hjer er ekki um aðra lántöku að ræða, en þá, sem nauðsynleg var samkvæmt fjárhagsáætlunum bæjarins fyrir árin 1908 og 1909, og að i þessari lánsupphæð eru faldar hinar tvær siðustu skuldarupphæðir, sem taldar eru á meðfylgjandi skýrslu um skuldir bæjarins i árslok 1909. Upphæðir þessar sem og það er lánað var bæjarbúum til að leggja vatnsæðar i hús sin næstliðið ár var til bráðabyrgða tekið af lánum þeim, er bærinn hafði tekið til vatnsveitunnar og byggingar gasstöðvarinnar. En það lán, sem hjer er beðið um að taka á að ganga til endurborgunar þeim upphæðum.-

Jeg hef leitast fyrir mjer i báðum bönkunum um fje til þessarar lántöku, en hvorugur bankanna hefur viljað veita lán með föstum afborgunum á mörgum árum, og Landsbankinn hefur yfir höfuð neitað eða tjáð sig ófúsan til að veita lánið. En Íslandsbanki hefur lofað að veita bænum reikningslán með þeim vöxtum, er bankinn tekur á hverjum tima sem er meðan lánið stendur og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að auki 3/8 % viðskiptagjaldi fyrir misseri hvert. Og að öðru leyti eru skilmáðar þeir, að bankinn getur sagt upp láninu með 6 manaða fyrirvara, en bærinn getur sagt því upp og borgað það án fyrirvara. Þannig ákvað bæjarstjórnin að taka lánið til bráðabyrgða og bið jeg um samþykki yðar, herra ráðherra, til þess að það megi gjöra.-

Til Ráðherra Íslands -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

9. júní 1910

893

Með brjefi dags. 30. sept. 1909 hefur stjórnarráðið sagt upp þeim 10 þúsund krónum, er Reykjavíkurbær skuldar landssjóði samkvæmt skuldabrjefi 16. sept. 1904, en jafnframt er þess í brjefinu getið, að láni þessu muni, ef skuldunautur óski þess, fázt breytt í afborgunarlán.--

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á síðasta fundi leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að láni þessu megi breyta í afborgunarlán þannig að bærinn endurgjaldi það á næstu 20 árum með jöfnum afborgunum eða með 500 króna afborgun á ári auk vaxta, og að 1. afborgun megi fara fram 11. júní 1911. Ef þetta verður veitt hefur bæjarstjórnin gefið mjer umboð til að undirskrifa skuldbindingu hjer að lútandi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

9. júni 1910

894

Með brjefi dags. 30. sept. 1909 hefur stjórnarráðið sagt upp þeim 3200 krónum, er Reykjavikurbær skuldar landssjóði samkvæmt skuldabrjefi 17. sept. 1885, en jafnframt er þess í brjefinu getið, að láni þessu muni, ef skuldunautur óski þess, fási breytt i afborgunarlán.-

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á siðasta fundi, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að láni þessu megi breyta i afborgunarlán þannig að bærinn endurgjaldi það á næstu 16 árum með jöfnum afborgunum eða með 200 króna afborgun á ári auk vaxta, og að fyrsta afborgun megi fara fram 11. júni 1911.-

Ef þetta verður veitt hefur bæjarstjórnin gefið mjer umboð til að undirskrifa skuldbindingu hjer að lútandi.-

Til

Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. júní 1910 895



Með brjefi dags. 30. sept. 1909 hefur stjórnarráðið sagt upp þeim 17000 krónum, er Reykjavíkurbær skuldar landssjóði samkvæmt skuldabrjefi dags. 5. maí 1904, en jafnframt er þess í brjefinu getið, að láni þessu muni, ef skuldunautur óski þess, fást breytt í afborgunarlán.-

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á síðasta fundi, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að láni þessu megi breyta í afborgunarlán þannig að bærinn endurgjaldi það á næstu 24 árum, eða með 700 kr. afborgun á ári auk vaxta, og að fyrsta afborgun megi fara fram 11. júní 1911.-

Ef þetta verður veitt hefur bæjarstjórnin gefið mjer umboð til að undirskrifa skuldbindingar hjer að lútandi.-

Til

Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
9. júní 1910. –

896.

Hjer með er lagt fyrir yður, herra bæjarverkfræðingur, at mæla upp nú þegar lóðirnar við Laugaveg nr. 42 og Frakkastíg nr. 10, byggða og óbyggða lóð hvora um sig og senda mjer svo mælingar þessar. –

Til
bæjarverkfræðingsins. –



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
9. júní 1910.

897

Hr. Jóhannes Magnússon hefur í dag greitt bæjarsjóði Reykjavíkur 40 – fjörutíu krónur, sem er andvirði bæjar á Þorgrímsholti, er hann hefur keypt, og kvittast hjermeð fyrir greiðslu þessari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
9. júní 1910.

898.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40 - fjörutíu krónur sem er andvirði bæjar á Þorgríms holti, er Jóhannes Magnússon hefur keypt.

Fyrirgreiðslu þessari óskast kvittun.

Til
bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavikur

10. júní 1910 899

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi svarað erindi yðar ög nokkurra annara heimilisfeðra hjer í bænum, dags. 14. ágúst f.á., þar sem þjer sækjið um 10 kr. styrk úr bæjarsjóði fyrir hvert barn á skólaskyldum aldri, er gekk á skóla Ásgríms Magnússonar næstliðinn vetur, þannig að bæjarstjórnin veitir skóla Ásgríms Magnússonar 400 króna styrk fyrir kenslu barna á skólaskýldum aldri næstliðinn vetur. Verður þessi styrkur samkvæmt bæjarstjórnarályktuninni útborgaður beint til Ásgríms Magnússonar.

Þetta eruð þjer beðinn um að tilkynna þeim sem ásamt yður hafa undirritað framangreinda styrkbeiðni.-

Herra

Sigurður Jónsson, Lindargötu 1 b.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. júní 1910 900

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi svarað þannig málaleitun frá nokkrum heimilisfeðrum hjer í bænum, er sótt hafa um 10 krónu styrk úr bæjarsjóði fyrir hvert barn á skólaskyldum aldri, er gekk í skóla yðar næstliðinn vetur, að hún veitti 400 krónur til barnaskóla yðar umliðið skólaár fyrir kennslu barna á skólaskyldum aldri. Þessara 400 kr., getið þjer vitjað til bæjargjaldkerans.-

Herra

skólakennari Ásgrímur Magnússon, Bergstaðastræti 13.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. Júní 1910 901

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi veitt barnaskóla Ásgríms Magnússonar í Bergstaðastræti 3, 400 krónur fyrir kenslu barna á skólaskyldum aldri næstliðinn vetur.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjargjaldkeri, er lagt fyrir yður, að greiða Ásgrími Magnússyni þessar 400 krónur þegar hann vitjar þeirra og að færa upphæðina til útgjalda undir óvissum útgjöldum bæjarins.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

10. júní 1910 902

Með brjefi dags. 7. f.m., hafið þjer, herra skólastjóri, sótt um, að fá 673 króna styrk úr bæjarsjóði fyrir unglingaskóla þann, er þjer hjelduð næstliðinn vetur. Þessari beiðni yðar var synjað á síðasta bæjarstjórnarfundi.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

skólastjóri Ásgrímur Magnússon.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. júni 1910 903

Skólanefndin hefur á fundi nýlega sambykkt, að ráða Þorbjörgu Friðriksdóttur, sem nú dvelur um stundarsakir i Kaupmannhöfn, sem timakennslukona við barnaskóla Reykjavikur næsta vetur. En nú þegar var ekki ákveðið hve marga tima hún gæti fengið á viku hverri, og verður það ekki ákveðið endanlega fyr en i byrjun skólaársins.-

Þetaa eruð þjer, háttvirta frú, beðin um að tilkynna nefndri Þorbjörgu Friðriksdóttur, -að þvi viðbættu, að hún verður að vera komin hingað til bæjarins fyrir 1. okt. næstkomandi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

10. júní 1910

304

Bæjarstjórnin hafði meðal annars sett það sem skilyrði fyrir leyfi til handa Guðmundi Hannessyni að byggja íbúðarhús á horninu á Hverfisgötu og fyrirhugaðri framlengingu Ingólfsstrætis, það landsstjórnin heiti aðstoð sinni til, að bærinn fái ókeypis lóð á sínum tíma undir framlengingu Ingólfsstrætis, milli Bankastrætis og Hverfisgötu, að svo miklu leyti land það telzt eign landssjóðs. Stjórnarráðið hefur samþykkt, að fullnægja skilyrði þessu með því að heita aðstoð sinni til þessa. Þetta tilkynnist yður hjer með, herra bæjarverkfræðingur, og er það því ekkert því til fyrirstöðu, að hjeraðslæknir Guðmundur Hannesson fái að byggja íbúðarhúsið, ef hann fullnægjir skilyrðum þeim, sem byggingarnefndin setti 10 f.m., og yður eru kunn. Þó skal þess getið, að bæjarstjórnin felldi burtu síðasta atriðið í 5. lið skilyrðanna, sem sje það, að karmar og grindur glugganna tveggja í borgadregna horninu verði bogadregnar eptir boganum á horninu sjálfu.-

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1o. júní 1910

905

Í umboði bæjarstjórnar Reykjavikur, skipa jeg yður hjer með, herra myndasmiður, til þess að gegna brunamálastjórastörfum hjer í bænum frá 10. þ.m. fyrir brunamálastjórann Hannes Thorsteinsson meðan hann er fjærverandi og á hans ábyrgð.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

myndasmiður Árni Thorsteinsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

10.júní 1910

906

Samkvæmt ósk yðar,herra brunamálastjóri,í brjefi dags, 31.f.m.,skipa jeg hjer með í umboði bæjarstjórnarinnar,herra myndasmið Árna Thorsteinsson til þess frá 10.þ.m.,að gegna brunamálastjórastörfunum á yðar ábyrgð í fjærveru yðar.-

Til

Brunamálastjóra Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik
d. 10. Juni 1910.

907.

Til Gensvar paa deres ærede af 28. April meddeles dem herved, at de störste Uld-importfirma her i Byen:
Björn Gudmundsson
„Edinborg"
L. J. Thorsteinsson & Co
H. P. Duus
J. P. T. Bryde
C. Frederiksen
Chouillou. –

Med Höjagtelse

Messr.
John Hunter & Co
11 Bothwell Street
Glasgow
Scotland. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gasnefndin hefur fengið svolátandi brjef frá gasstöðinni, dags. 21. þ. m. - „Þar sem að gasmælarnir verða samkvæmt hinum umbreyttu skilmálum settir upp í íbúð gaskaupanda, er það nauðsynlegt að setja brunahana (stopphana, inn í æðina í kjallaranum, til þess að hægt sje að loka allri húsleiðslunni. Það er ekki gjört ráð fyrir honum þessum í kostnaðaráætluninni, og leyfi jeg mjer því hjermeð að gjöra tilboð í þær stærðir, er notaðar verða.

Brunahani 1" mjög sterkur, með lykli, ásamt uppsetn. kr. 5.50

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| —„— | 1¼" | „ | „ | „ | „ | „ 8.50 |
| —„— | 1½" | „ | „ | „ | „ | „ 11.50 |
| — — | 2" | „ | „ | „ | „ | „ 17.00 |

Virðingarfyllst
Wilh. Palemosler"

Gasnefndin hefur samþykkt að greiða byggingarfirmanu C. Francke fyrir uppsetningu stopphana þessara sem aukaverk og hefur verkfr. Th. Krabbe viðurkent að hið uppsetta verð sje hæfilegt og verður því stopphani greiddur með framangreindu verði. - Þetta er yður hjer með tilkynnt sem eptirlitsmanni við byggingu gasstöðvarinnar. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13. júni 1910

909.

Brjef byggingarstjórnar Gasstöðvarinnar dags. 21. f.m., þar sem boðið er að setja upp aukastppphana á gasæðaálmurnar i húsin, þar sem þess þarf, fyrir verð það, sem ákveðið er i brjefinu hefur verið lagt fyrir nefndina, og eins og jeg þegar fyrir nokkru hef tilkynnt kannast gasnefndin við, að hjer sje um verk að ræða, sem aukalega beri að greiða fyrir, og samþykkti þvi nefndin að greiða fyrir hana þessa uppsetta verð það, er verkfræðingur Krabbe ákvæði. Nú hefur verkfræðingur Krabbe ákveðið verðið hið sama og boðið er i tilboði yðar, og er það þvi samþykkt. En verðið er auðvitað ákveðið með þvi skilyrði, að kranarnir verði eins og sýnishorn þau, sem send hafa verið nefndinni og lögð hafa verið fyrir herra Krabbe.-

Þetta tilkynnist hjer með.-

Til Byggingarstjórnar Gasstöðvarinnar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

13. júní 1910

910

Eins og jeg þegar hef tilkynnt munnlega hafa tilboð byggingarstjórnar gasstöðvarinnar í brjefi dags. 5.þ.m. um byggingu girðingar kringum gasstöðina verið lögð fyrir gasnefndina,en nefndin vildi ekki að svo stöddu samþykkja tilboð þessi,en ákvað að leita undirboðs í blöðunum um girðinguna,bæði úr steini,timbri eða járni,með jarðgreptri og öllu tilheyrandi.

Jafnframt því að tilkynna þetta vænti jeg að byggingarstjórnin annist þetta og leggi síðan tilboð þau,er koma fyrir gasnefndina.-

Til Byggingarstjórnar gasstöðvarinnar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
13. júni 1910

911

Vatnsveitunefndin hefur sambykkt að fá hjá yður, herra bæjarverkfræðingur, hið allra fyrsta tillögur yðar um að leggja vatnsveitu í þá götuspotta, sem avtnsæðar ennþa ekki eru komnar i, og áætlun um hvað þær muni kosta. En götuspottar þessir eru einkum framhald Laugavegar, Framhald Frakkastigs og nokkrir götustúfar i Vesturbænum.-

Er því hjer með lagt fyrir yður að gjöra áætlanir þessar hið fyrsta, eptir nánara samtali við mig.-

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

994 5

912

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

13. júni 1910

Jeg sendi yður hjer með, herra bæjargjaldkeri, Nótu J.A.Lumley & Dowell í Lundúnum yfir kostnað við leigu á Elliðaánum þetta ár. Kostnaðurinn við leigusamninginn hefur verið alls 37 pund sterling, 15 Sh. 6 p, og verður þannig nettóafgjaldið af ánum þetta ár 312 pund sterling, 4 sh. 6 p, er yður hefur verið sent í ávísun. Nettóleigan færist til tekna í reikningnum.-

Til Bæjargjaldkerans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. júní 1910.

913.

~~[illegible]~~

Hjer með er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að breyta lóðargjalda skrá bæjarins þannig að lóð Zimsensverzl. Bakkabúð við Frakkastíg nr. 10, verði byggð lóð 125 □ al., óbyggð lóð 200 □ al. Lóð Guðmundar Egilssonar, trjesm., við Laugaveg nr. 42 verði:
óbyggð lóð 1170 □ álnir.
Þessar mælingar koma í staðinn fyrir lóð þá, er talin var undir Frakkastíg 10, en sú lóð var talin 197 □ al. byggð lóð en 1596 □ al. óbyggð lóð.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur.
13. júní 1910. 914.

Hjermeð tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur komið þurfamanninum Sigurði Þorkelssyni fyrir hjá Bjarna Jónssyni, Vitastíg 17 hjer í bænum fyrir 20 króna meðlag um mánuð hvern frá 14. þ. m. -

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur 915

13. júni 1910

Mjer hefur verið skýrt frá því, að í vinnu hjá yður sje nú Kristján Þorleifsson í Bjarnaborg. Maður þessi skuldar sveitinni hjer hjer og hefur nú yfirgefið konu sína og er yður því hjer með bannað, að greiða nefndum Kristjáni kaup hans hjer eptir, heldur krefst jeg þess, að það verði greitt til mín, og mun jeg gefa yður kvittun fyrir því.-

Herra verkstjóri Valentinus Eyjólfsson , Reykjavik..

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórn Reykjavíkur
14. júní 1910.-

916.-

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með reikning að upphæð kr. 375.00, sem er umsamið viðskiptagjald við Íslandsbanka til 11. des. '10, og er lagt fyrir yður að greiða nefndar 375 kr. til bankans við fyrsta tækifæri.-

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. júní 1910

917.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 9.33 - níu krónur og þrjátíu og þrjá aura, til endurgjalds frá Helgustaðahreppi í Suðurmúlasýslu á 2/3 hlutum af 14 króna sveitarstyrk, er Ásmundi Björnssyni var veittur af fátækrasjóði bæjarins 31. des. f. á.-

Kvittun óskast fyrir þessum kr. 9.33.-

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. júní 1910.

918

Með heiðruðu brjefi dags. 5. apr. þ.á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer frá Helgustaðahreppi, kr. 9.33, sem er endurgjald á 2/3 hlutum af legukostnaði, er fátækrasjóður Reykjavíkur hefur orðið að greiða fyrir konu Hermundar Björnssonar, fyrir tímann frá 18/12 - 31/12 f.á.

Jafnframt því að kvitta fyrir þessum kr. 9.33, tilkynnist hjer með, að fátækrasjóður bæjarins hefur orðið að greiða ennfremur legukostnað fyrir konu hans frá 1/1 - 20/1 þ.á. 19 krónur, sbr. og skýrt er frá brjefi mínu, dags. 24/2 þ.á. til yðar, - og er hjer með ítrekuð krafan um að þjer innheimtið 2/3 hl. af þessum 19 kr. hjá Helgustaðahrepp og sendið mjer, - og bið jeg einnig um, að hreppsnefndin þegar hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðstafað þeim manni, honum Ásmundi,
sem flutt hefur verið á geðveikrahælið
að Kleppi, — sbr. brjef mitt 24. febr. —
Jafnframt gefur brjef oddvitans í
Helgustaðahreppi mjer tilefni til að
taka það fram að Ásmundur Björns-
son hefur ekki áður eða fyr en í síð-
ustu árslok þegið styrk hjer í bænum,
og skýtur því í afgreiðsluskjölunum,
að vera átt við endurborgun á
styrk annarsstaðar, ef þar er farið
með rjett mál. —

Til

Sýslumannsins í Suður-Múlasýslu. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðstafað [illegible]

[illegible]

at Kleppi. – Skr. bæjarf. mótt. 27. febr. –

Jafnframt [illegible]

[illegible] til að

taka það fram að [illegible]

[illegible]

[illegible]

og [illegible]

að [illegible] alls við endurborgun á

[illegible] ef það [illegible]

með rjettu talið. –

[illegible]

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur